



Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja



Fundargerð 46. þings SSF

Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja

Haldið á Hótel Selfossi dagana 10.–11. mars 2016



TRAUST



ÞEKING



METNAÐUR



Efnisyfirlit

Þingsetning	4
Nafnakall fulltrúa og kjörbréf lögð fram til samþykktar	5
Nafnalisti þingfulltrúa á 46. þingi SSF 10.-11. mars 2016	5
Kosning starfsmanna þingsins	6
Skipan fastanefnda þingsins	6
Skýrsla stjórnar	8
Lagabreytingatillögur lagðar fram af stjórn SSF	11
Umræður um lagabreytingatillögur	13
Auglýst eftir tillögum til nefnda	13
Erindi Arvid Ahrin NFU, Rebuilding trust in finance	13
Launakönnun 2016	14
Kynning á framkvæmd nefndastarfa	15
Erindi Pål Adrian Hellman frá Finansforbundet Noregi	15
Í dagslok	15
Afgreiðsla nefndarálita	15
Laganefnd	15
Ályktanir laganefndar	16
Allsherjarnefnd 1 - Jafnréttisnefnd	16
Allsherjarnefnd 2 – Efnahags og þjóðfélagsmál.....	17
Allsherjarnefnd 3 – Stefnumótun	18
Kjaranefnd	18
Fræðslunefnd	19
Fjárhagsnefnd	20
Fjárhagsáætlun.....	20
Stjórnarlaun	21
Ályktanir fjárhagsnefndar	21
Kjör stjórnar	22
Framboð til stjórnar SSF kjörtímabilið 2016-2019	22
Niðurstaða stjórnarkjörs SSF fyrir kjörtímabilið 2016-2019	22
Skoðunarmenn og stjórnir sjóða	22
Önnur mál	23
Þingslit	23
Samþykktir SSF	24

Fimmtudagur 10. mars 2016

Pingsetning

Anna Karen Hauksdóttir 1. Varaformaður SSF setti þingið klukkan 9:30 og bauð þingfulltrúa velkomna til 46. þings SSF.

Eins og flest ykkar ef til vill vita er hann Friðbert, formaðurinn okkar, ekki hér. Ég held að það sé í fyrsta sinn sem það gerist frá því hann byrjaði 1995. Friðbert fór í aðgerð í gær og tókst hún vel - gert er ráð fyrir að hann verði frá vinnu eins og lög gera ráð fyrir í 4-6 vikur og óskum við honum velfarnaðar og bata. Heilsan okkar er númer 1, 2 og 3 en eins og oft gerist þá var þetta ófyrirsjáanlegt og bar fljótt að. Þegar svona gerist leggja margir aðrir hönd á plóg og það er ómetanlegt starf sem starfsmenn SSF, ásamt stjórn hafa unnið við undirbúning þessa þings þó ég legg til að við klöppum fyrir starfsmönnum og fráfarandi stjórn.

Þing SSF er haldið þriðja hvert ár nú 2016 hér á Selfossi.

Öll aðildarfélög samtakanna (nú 10) skipa að minnsta kosti einn þingfulltrúa, en aðrir fulltrúar öðlast þátttöku í samræmi við félagafjölda hvers aðildarfélags. Alls eru hér 65 þingmenn auk gesta. Sérstakir gestir þingsins eru meðlimir í NFU „fjölskyldu okkar“. Nordic Financial Unions. Mig langar sérstaklega að bjóða velkominn Arvid Ahrin framkvæmdastjóra (General Secretary) NFU. Hann er einn af þremur starfsmönnum NFU í Stokkhólmi sem vinnur undir stjórn NFU og framfylgir stefnu samtakanna fyrir aðildarfélögin innan Norðurlanda og á alþjóðavísu.

NFU stuðlar að samstarfi stéttarféлага norrænu landanna með nefndum og ráðum. Undir hatti NFU eru um 150 þúsund félagsmenn á öllum Norðurlöndum og höfum við í SSF átt afar farsælt samstarf við NFU. Undirrituð situr í stjórn NFU fyrir hönd SSF og eru stjórnarfundir haldnir þrisvar til fjórum sinnum á ári, nú síðast hér í Reykjavík. Andrés Erlingsson hefur einnig komið mikið að NFU starfinu og er með mér í miðstjórn sem er æðsta vald samtakanna.

Starf NFU er gríðarlega mikilvægt, að standa vörð um norræna módelið sem einkennist af góðri samvinnu atvinnurekanda, ríkisvalds og stéttarfélags og ekki síður að hafa áhrif á það regluverk sem innleitt er í fjármálageirann í Evrópu – allt málefni sem snerta dagleg störf félagsmanna okkar. NFU hefur staðið þétt við bakið á okkur hér í SSF í þeirri orrahríð sem gengið hefur yfir tengt bankahruni og hafa þau dádst að elju okkar félagsmanna í hörðu vinnuumhverfi. Hagur okkar af samstarfinu er mikill svo ekki sé minnst sameiginlegan vinnudeilusjóð upp á 10.000.000 Evru sem aðildarfélög geta sótt í ef kemur til vinnustöðvunar.

Að auki erum við í gegnum NFU aðilar að UNI Global Union sem eru alheimssamtök stéttarféлага og telja 20 milljónir félagsmanna. Þar tölum við einni norrænni röddu.

Aðrir gestir þingsins og meðlimir í NFU fjölskyldunni eru: Pål Adrian Hellman framkvæmdastjóri norsku samtakanna og stjórnarmaður í NFU og kollegi hans frá Noregi Dag Arne Kristensen. Þeir munu ávarpa þingið og hikið ekki við að gefa ykkur á tal við þessa gesti okkar og munið að „bad english“ is our working language!

Síðast þegar þing SSF var haldið árið 2013 voru félagsmenn rúmlega 4.500 og hafði þá fækkað ört frá því þegar mest var. Núna í byrjun árs 2016 eru félagsmenn rétt rúmlega 4.000. Við erum enn í snjóstormi þó það „vori“ eiginlegri merkingu og hagur vænkist í íslensku efnahagsumhverfi.

Nú á ríkið tvo stóra viðskiptabanka, Landsbanka og Íslandsbanka. Krafa um samþjöppun er mikil og enginn veit hvernig sú þróun verður en líklega getum við búið okkur undir enn frekari fækkun starfa í fjármálafyrirtækjum. Félagsmenn okkar horfa fram á frekari fækkun útibúa og aðrar hagræðingaraðgerðir sem fela í sér uppsagnir starfsmanna á einu eða öðru formi. Það er oft talað um að samskipti okkar við viðsemjendur okkar séu „að dansa“ (en ekki að boxa), dansinn þarf að vera agaður, ákveðinn, en hann þarf jafnframt að flæða í reglulegum takti.

Málefni sem verða til umræðu hér eru því fjölmörg:

Eignarhald bankanna og meðferð þeirra á sínum eigin eignum, kaupaukakerfi, hagræðing, samþjöppun og fleira. Þessi málefni verða til umræðu – við getum ekki og viljum ekki vinna gegn framþróun en þá þarf að koma á jafnvægi sem félagsmenn upplifa sem sanngirni. Félagsmenn SSF eru andlit fjármálafyrirtækjanna og þeir þurfa oft að sitja undir gagnrýni og skömmum viðskiptavina - því er oft djúpt á stolti og vinnugleði. Eitt meginverkefni okkar á komandi árum er að vinna aftur upp traust og trú almennings á fjármálakerfið í heild sinni - SSF mun láta sig málið varða og leggja sitt af mörkum.

Í breytingum felast tækifæri og við eigum möguleika á að hafa áhrif.

Við eigum mikilvægt starf fyrir höndum.

Ég set því 46. þing SSF hér á Selfossi.



Nafnakall fulltrúa og kjörbréf lögð fram til samþykktar

Jónína Pálsdóttir f.h. kjörbréfanefndar ber upp við fundinn hvort sleppa megi nafnakalli þar sem búið er að merkja við þingfulltrúa og afhenda nafnspjöld. Það er samþykkt.

Jónína Pálsdóttir f.h. kjörbréfanefndar tilkynnti að nefndin hefði farið yfir kjörbréf. Allir væru mættir nema þrír og taka þá tveir varamenn sæti tveggja. Þingið sátu 64 þingfulltrúar í stað 65 og lauk þar með störfum kjörbréfanefndar.

Sigurjón leggur þetta fram til samþykktar – fundurinn samþykkir kjörbréf án athugasemda með lófataki.

Nafnalisti þingfulltrúa á 46. þingi SSF 10.-11. mars 2016.

FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi - 19 þingfulltrúar

Alda Hjartardóttir
Anna María Hjartardóttir
Ari Skúlason
Ágústa Hjaltadóttir
Eyrún Þóra Guðmundsdóttir
Guðlaug Elísabet Bóasdóttir
Guðlaugur Gunnarsson
Guðný S. Magnúsdóttir
Guðrún Ólöf Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
Hildur Friðleifsdóttir
Hildur Hilmarsdóttir
Jóhanna María Jónsdóttir
Margrét B. Marteinsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Marteinn Kristjánsson
Melkorka Sigurðardóttir
Svanhildur M. Bergsdóttir
Þorsteinn Þorkelsson

Trúnaðarmannaráð Arion banka - 16 þingfulltrúar

Birgir Örn Grétarsson
Björn Tryggvason
Brynhildur Brynjúlfssdóttir
Daníel Reynisson
Elísabet Þorvaldsdóttir
Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Guðríður Birgisdóttir
Guðrún Berta Guðsteinsdóttir
Halla Ingvarsdóttir
Hörður Jens Guðmundsson
Karlotta Ósk Óskarsdóttir
Nanna Árnadóttir
Sigríður Birgisdóttir
Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Þorbjörg Theódórsdóttir

SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka - 17 þingfulltrúar

Anna Guðmundsdóttir
Ásdís Hannesdóttir
Birna Hadda Olsen Ómarsdóttir
Gréta Kjartansdóttir
Guðmundur F. Jóhannsson
Guðrún Helga Brynjólfssdóttir
Hadda Hrund Guðmundsdóttir
Helga Jónsdóttir
Iðunn Arnarsdóttir
Inga Guðný Hauksdóttir
Kristín Jóhannsdóttir
Oddur Kristjánsson
Oddur Sigurðsson
Ragna Ársælsdóttir
Rebekka Helga Sveinsdóttir
Sesselja Margrét Pálsdóttir
Þorlákur Kjartansson





SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna - 3 þingfulltrúar

Guðrún Jóna Jónsdóttir
Halldór Heiðar Halldórsson
Jón Kristinn Sveinsson

Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands - 3 þingfulltrúar

Ólafur Sindri Helgason
Páll Pórarinn Björnsson
Þorsteinn Sigurður Sveinsson



VÍST, starfsmannafélag Valitor - 3 þingfulltrúar

Birgit Jóhannsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Oddný Árnadóttir

Starfsmannafélag Byggðastofnunar - 1 þingfulltrúi

Jóhanna Birgisdóttir



Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins - 1 þingfulltrúi

Brynja M. Kjærnested

Starfsmannafélag Kvikú - 1 þingfulltrúi

Ragnhildur Steingrímsdóttir

Starfsmannafélag Sparisjóðs Suður-Þingeyinga - 1 þingfulltrúi

Senda ekki fulltrúa



Kosning starfsmanna þingsins

Stjórn SSF leggur til að eftirfarandi verði kjörnir þingforsetar á 46. þingi SSF 10.-11. mars 2016:
Sigurjón Gunnarsson, FSLÍ – Þingforseti
Erla Stefánsdóttir, TRM Arion banka – Varaþingforseti

Samþykkt með lófaklappi.

Stjórn SSF leggur til að eftirfarandi verði kjörnir ritarar á 46. þingi SSF 10.-11. mars 2016:

Ásdís Hannesdóttir, SÍ – Þingritari
Guðlaug E. Bóasdóttir, FSLÍ – Þingritari
Til vara:

Ingvar Breiðfjörð, Stjórn SSF
Inga Guðný Hauksdóttir, SÍ

Samþykkt með lófaklappi.



Skipan fastanefnda þingsins

Stjórn SSF skipaði Kjörnefnd samkvæmt samþykktum SSF og sú nefnd starfaði jafnframt á þinginu. Í henni sátu Helga Jónsdóttir FSLÍ, Erla Stefánsdóttir TRM Arion banka, Hallfríður Jónasdóttir SÍ, Gunnar Gunnarsson VÍST og Hilmar Vilberg Gylfason SSF.



Kjaranefnd

Jóhann Arnarson, Stjórn SSF
Alda Hjartardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Ari Skúlason, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Hildur Hilmarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Melkorka Sigurðardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Elísabet Þorvaldsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Sigríður Birgisdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Anna Guðmundsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Oddur Kristjánsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Guðmundur F. Jóhannsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Oddný Árnadóttir, VÍST, starfsmannafélag Valitor
Guðrún Jóna Jónsdóttir, SRB, starfsmannafélag RB
Brynja M. Kjærnested, Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins
Þorsteinn Sigurður Sveinsson, Starfsmannafélag Seðlabanka



Allsherjarnefnd 1 – Jafnréttismál

Anna Kristín Björnsdóttir, Stjórn SSF
Margrét Jónsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Eyrún Þóra Guðmundsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Guðlaugur Gunnarsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Brynhildur Brynjúlfssdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Birgir Örn Grétarsson, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Helga Jónsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Rebekka Helga Sveinsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Porlákur Kjartansson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Jóhanna Birgisdóttir, Starfsmannafélag Bygðastofnunar



Allsherjarnefnd 2 – Þjóðfélagsmál

Ingvar Breiðfjörð, Stjórn SSF
Margrét B. Marteinsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Guðrún Ólöf Jónsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Anna María Hjartardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Porbjörg Theódórsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Daníel Reynisson, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Inga Guðný Hauksdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Birna Hadda Olsen Ómarsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Jón Kristinn Sveinsson, SRB, starfsmannafélag RB

Allsherjarnefnd 3 – Stefnunumótun

Anna Karen Hauksdóttir, Stjórn SSF
Gunnar Gunnarsson, Stjórn SSF
Jóhanna María Jónsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Svanhildur M. Bergsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Hörður Jens Guðmundsson, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Karlotta Ósk Óskarsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Björn Tryggvason, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Iðunn Arnarsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Guðrún Helga Brynjólfsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Halldór Heiðar Halldórsson, SRB, starfsmannafélag RB
Birgit Jóhannsdóttir, VÍST, starfsmannafélag Valitor

Fjárhagsnefnd

Helga Jónsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans, Umræðustjóri
Þorsteinn Þorkelsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Halla Ingvarsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Guðríður Birgisdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Gréta Kjartansdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Sesselja Margrét Pálsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Ragnhildur Steingrímsdóttir, Starfsmannafélag Kviku
Gunnar Gunnarsson, VÍST, starfsmannafélag Valitor

Laganefnd

Oddur Sigurðsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Hildur Friðleifsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Sigrún Ólafsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Kristín Jóhannsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Páll Þórarinn Björnsson, Starfsmannafélag Seðlabanka

Fræðslunefnd

Guðný S. Magnúsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Marteinn Kristjánsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Ágústa Hjaltadóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans
Guðrún Berta Guðsteinsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Nanna Árnadóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka
Ragna Ársælsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Hadda Hrund Guðmundsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Ásdís Hannesdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka
Ólafur Sindri Helgason, Starfsmannafélag Seðlabanka



Skýrsla stjórnar

Anna Karen Hauksdóttir varaformaður SSF flutti skýrslu stjórnar í fjarveru Friðberts Traustasonar formanns SSF.

Formannsræða á 46. þingi SSF, 10.-11. mars 2016

Kæru þingfulltrúar, velkomin til starfa á 46. þingi SSF.

Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja þing SSF og móta stefnu stéttarfélagins í kjaramálum og réttindamálum fyrir félagsmenn SSF næstu árin og jafnframt að kjósa þá forystumenn, sem framfylgja skulu stefnunni, sem þingið ákvarðar.



Þingið fer með æðsta vald samtakanna og það er hlutverk stjórnar, samninganefndar og starfsmanna SSF að fylgja eftir og framkvæma þau verkefni og stefnu, sem þing SSF samþykkir hverju sinni.

Stéttarfélagið okkar átti 80 ára afmæli á síðasta ári. Félagið var stofnað af starfsmönnum þáverandi ríkisbanka árið 1935 og síðan komu starfsmenn einkabanka, sparisjóða og þjónustustofnana í þeirra eigu, inn í stéttarfélagið eftir því sem árin liðu og fyrirtækin voru stofnuð. Stéttarfélagið er einstakt vegna þess að allir starfsmenn fjármálafyrirtækjanna, aðrir en æðstu stjórnendur, eru félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi. Við tökum öll réttindi og kjör okkar samkvæmt sameiginlegum kjarasamningi óháð því hvaða starfi við gegnum og einnig óháð menntun okkar eða öðrum bakgrunni.




Að sjálfsögðu eru launakjör félagsmanna misgóð enda bakgrunnur svo sem menntun og reynsla ólíkur en réttindi svo sem veikindaréttur, orlofsréttur, lífeyrisréttur, tryggingar, fæðingarorlof, aðgangur að sjóðum SSF og annar grundvallaréttur byggir á sameiginlegum kjarasamningi.

Það er ekkert logn framundan á íslenskum fjármálamarkaði og nauðsynlegt að félagsmenn SSF fylgist vel með öllum breytingum sem verða og hafa áhrif á störfin. Sífellt reynir meira á alls kyns sérhæfingu og aukna ráðgjöf til viðskiptavina, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja. Vöruframboð á vegum fjármálafyrirtækja verður sífellt meira og kröfur viðskiptavina verða áfram miklar.



Umræðan um hagræðingu, sparnað og samþjöppun fjármálafyrirtækja, hvort sem hún er pólitísk eða fagleg, hefur reynt mjög á félagsmenn SSF undanfarin ár. Það er með öllu óásætlanlegt ef starfsmenn eru hafðir að leiksoppum og starf þeirra og framtíð að engu metin þegar ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu fjármálakerfisins. Eigendur fyrirtækjanna, hvort sem er ríkið eða einkaaðilar, verða að virða og standa vörð um þann mikla mannaúð sem fólgin er í starfsmönnum fyrirtækjanna, menntun þeirra og reynslu. Mannauðurinn er mikilvægasta auðlind hvers einasta fyrirtækis. Vel upplýstir starfsmenn sem finna að þeir eru metnir og hafðir með í ráðum eru þyngdar sinnar virði í gulli, og mikið meira en það.



Mikill hagnaður var hjá allflestum íslenskum fjármálafyrirtækjum á árunum 2013 til 2016. Hagnaður byggði framan af á einskíptis viðskiptum, svo sem sölu eigna. En seinni tvö árin er hagnaður af reglulegum rekstri mun stærri hluti af hagnaði eftir skatta. Það er mikilvæg og góð þróun. Fjármálafyrirtækin ættu því að vera enn betur í stakk búin til að bæta kjör félagsmanna SSF á næstu árum.

Enn fækkar félagsmönnum SSF

Á þingi SSF 2013 voru félagsmenn að baki þingfulltrúum rúmlega 4500. En enn fækkar félagsmönnum og núna í byrjun árs 2016 eru félagsmenn rétt rúmlega 4000. Útibúum fækkar enn og varla líður sá mánuður að ekki séu tilkynntar uppsagnar eða starfslokasamningar gerðir við félagsmenn SSF. Enginn veit hvernig þessi þróun verður, en líklega getum við búið okkur undir enn frekari fækkun starfa í fjármálafyrirtækjum.



Mikið er skrafað um næstu skref, án þess þó að ákvarðanir hafi verið teknar svo vitað sé. Nú á Ríkið tvo stóra viðskiptabanka, Landsbanka og Íslandsbanka. Margir kalla á sameiningu, ekki síst fjölmiðlar og „virkir í athugasemdum“. Það er mjög ólíklegt að tveir af þremur stóru bönkunum verði sameinaðir, fyrst og fremst með samkeppnissjónarmið í huga. Slík sameining var fyrirhuguð árið 2000, en þáverandi Samkeppnisráð hafnaði þeirri sameiningu algjörlega þar sem einn stór banki væri þá með um og yfir 60% af öllum bankamarkaði. Það þótti ekki samræmast samkeppnissjónarmiðum fyrir 16 árum síðan, og sömu lögmál samkeppni gilda örugglega einnig í dag.



Kjarasamningar

Kjarasamningar SSF sem undirritaðir voru 16. maí 2011 voru enn í fullu gildi þegar 45. Þing SSF stóð yfir í mars 2013, en lokadagur þeirra samninga var 31. janúar 2014. Síðasta launahækkun samkvæmt þessum samningi var 1. febrúar 2013, 3,25% hækkun á öll laun. Í þessum samningi voru þrjár launahækkningar, samtals rúmlega 11% á samningstímanum, en einnig voru þrjár eingreiðslur á samningstímanum, samtals krónur 70.000.

Veruleg breyting varð á grein 1.5 í kjarasamningi um „röðun starfsheita í launaflokka“ Lágmarks-

viðmið var hækkað verulega og efri mörk starfsheita felld úr gildi. Þetta hafði veruleg áhrif á laun þeirra sem starfa eftir starfsheitum og taka laun samkvæmt launatöflu. Hjá mörgum skilaði þessi breyting á bilinu 10-20% viðbótarlaunahækkun á samningstímanum. Þessir kjarasamningar voru byggðir á ýmsum áherslum sem lagðar voru með „Stöðuleikasáttmálanum“, sem ríkisstjórnin, verkalýðshreyfingin og atvinnulífið sameinuðust um að vinna eftir árið 2010.

Í stöðuleikasáttmála voru ýmis ákvæði og atriði sem þessir þrír aðilar skuldbundu sig til að vinna að og stefna þannig að eflingu atvinnulífs og bættum lífskjörum á Íslandi. Því miður var ekki mikið um efndir af hendi yfirvalda, kaupmáttur jókst lítið eitt hjá þeim sem lægri launin höfðu (krónutöluhækkun launa), gengið var áfram afar veikt og verðbólgan há framan af tímabilinu. Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, hafði hækkað allar álögur, skatta og gjöld, sem íþyngdi bæði fyrir-tækjum og einstaklingum.

Á grundvelli Stöðuleikasáttmálans var strax leitað eftir því að sem allra flest stéttarfélög yrðu samtaka um áherslur í kjarasamningunum 2011, sérstaklega um launahækkanir og hugsan- legan bætta kaupmátt launa. Í tengslum við kjarasamninginn gaf ríkisstjórn Íslands út sérstaka „Yfirlýsingu“ þann 5. maí 2011.

Í yfirlýsingunni komu fram áherslur sem lúta að bættum lífskjörum, meiri atvinnu, velferð og menntun. Með yfirlýsingunni skuldbinda stjórnvöld sig til að leggja grunn að varanlegum hagvexti og velferð í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Meginatriðið er að örva hagvöxt með arðsömum og sjálfbærum fjárfestingum, án þess að markmiðum um afkomu ríkissjóðs sé ógnað.

Allt tímabil kjarasamninganna frá maí 2011 til loka nóvember 2014 var hart gengið eftir því að ríkisvaldið og sveitarfélög stæðu við ákvæði Stöðuleikasáttmálans. Það tókst ágætlega í nokkrum málum en mjög miður í öðrum. Vegna utanaðkomandi hagstæðra aðstæðna, m.a. betri aflabrögð, fleiri ferðamenn og lækkandi olúverðs tókst betur til en áður í ríkisfjármálum, gengið varð stöð- ugra og verðbólgan fór lækkandi. Hins vegar fóru áform um uppbyggingu í húsnæðiskerfinu afar illa, m.a. vegna lóðaskorts, íþyngjandi byggingareglugerða og fjármagnskostnaðar sem almenn- ingur réði illa við.

Samningur aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda skilaði nokkrum árangri og því var strax á haustmánuðum rætt um að framlengja samningana 2011-2014 og byggja þá áfram á “stöðuleika” tímabilsins s.l. þrjú ár. Strax var ákvæðið að gefa aðeins lengri frest til lengri samningagerðar og fljótt ljóst að kjarasamningar í upphafi árs 2014 yrðu einungis til 12-14 mánaða. Á þeim tíma mætti meta betur árangur þess að semja ekki um of miklar launahækkanir, en stefna í staðinn að betri kaupmætti með ýmsum hliðarráðstöfunum, svo sem skattalækkunum (sérstaklega á lægri laun), lækkun á ýmsum álögum á einstaklinga (heilbrigðiskerfinu, húsnæðiskerfinu) og lægri álögur á fyrirtæki til að efla starfsemi þeirra og getu til að halda í og ráða nýja starfsmenn.

Þann 1. febrúar 2014 var skrifað undir nýjan kjarasamning, sem hafði gildistíma til 28. febrúar 2015. Í samningnum var í raun aðeins eitt ákvæði, það er að öll laun hækkuðu um 2,8% frá 1. febrú- ar 2014. Þetta var því niðurstaðan, og brúin fram til 2015 smíðuð, sáttin gerð. Flestir launamenn voru frekar óánægðir með þennan samning, en samþykktu þó með meirihluta atkvæða að taka þátt í þessari vegferð með von um að eitthvað betra væri í launapottinum í kjarasamningum 2015.

Í upphafi árs 2015 varð strax ljóst að kjarasamningagerðin yrði flestum erfið. Miklar væntingar voru á vinnumarkaði og margir hópar, sérstaklega meðal opinberra starfsmanna, töldu að þeir hefðu setið eftir í launum síðustu árin. Kennarar (sérstaklega framhaldsskólakennarar) fengu nokkuð mikla bót á sínum kjörum, en helsta röksemd þeirra var að þeir hefðu ekki fylgt öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum á vinnumarkaði nokkur árin fyrir 2015. Læknar (og fleiri heilbrigðisstarfsmenn) blésu til verkfallsaðgerða, sem kom verulega niður á starfsemi spítalanna og þjónustu við sjúklinga. Barátta þeirra gekk vel og þjóðin stóð með þeim í launabaráttunni. Verkfallsaðgerðum og kynningu þeirra á kjörum og vinnuástöðu var stýrt með frábærum hætti af PR-fyrirtæki og markaði þannig alveg nýja stöðu í kjarabaráttu, en ljóst að allar stærri launadeilur verða reknar af auglýsinga- og fjölmiðlunarstofum hér eftir. Í kjölfar þess að flest stéttarfélög á almennum vinnumarkaði sömdu (maí 2015) fóru bæði BHM og hjúkrunarfræðingar í verk- fallsaðgerðir. Alþingi stoppaði þær aðgerðir og lét sérstakan Kjaradóm (Gerðardóm) úrskurða um launahækkanir þessara félaga næstu tvö (BHM) og fjögur (Hjúkrunarfræðingar) árin. Dómurinn úrskurðaði verulegar launahækkanir umfram það sem samið var um í almennu kjarasamningunum sem setti strax strik í gerða kjarasamninga. Stéttarfélögin á almenna markaðnum töldu strax að forsendlur þeirra kjarasamninga væru brostnar, þar sem aðrir hópar hefðu samið betur, en ein aðal forsenda kjarasamninga m.a. ASÍ/SA byggði á því að allir kjarasamningar til ársloka 2018 yrðu á sömu nótum hvað launahækkanir og önnur kjör varðar hjá öllum stéttum.

Kjaraviðræður SSF við bankana (SA) töfðust fram á haustið 2015, m.a. vegna þess óróga og óvissu sem kjaradómur hafði sett á framhald og gildisákvæði kjarasamninga ASÍ/SA frá því um vorið. Niðurstaðan var að skrifa undir svipaða samninga og aðrir höfðu gert á almenna markaðnum, en tryggja endurskoðun (með bókun í grein 8) launaliðar ef almennu kjarasamningum yrði sagt upp 2016, eða samið um viðbætur vegna viðmiðs við kjarasamninga háskólamanna og kjaradóms.

Kjarasamningur SSF/SA gildir frá 1. október 2015 til 31. desember 2018. Launahækkanir eru á hverju ári, fyrst 1.10.2015, en síðan ár hver í maí fram til ársins 2018. Launahækkanir eru mis-





munandi háar, en samtals gefa þær frá 16% til 22,5% allt eftir launum. Þeir sem lægri launin hafa fá meiri hækkanir en þeir sem hærri launin hafa. Orlofs- og desemberuppþót hækka ár hvert um sömu prósentu og launin og í upphafi samningsins 1.10.2015 fengu allir í 100% starfi eingreiðslu, krónur 300.000. Hlutastarf gaf umsamið hlutfall af þeirri tölu.

Kjarasamningurinn er bæði langur og flókinn uppsettur og því er vísað til hans á heimasíðu SSF.

Í byrjun mars 2016 munu samninganefndir SSF og bankanna (SA) setjast að samningaborði og ræða framhald kjarasamningsins, m.t.t þeirra breytinga sem stéttarfélag á almennum vinnumarkaði hafa orðið ásátt um og greiða atkvæði um í febrúar 2016. Endurskoðunin byggir á bókun í grein númer 8 í kjarasamningi SSF, sjá 8. grein Samningsforsendur: Komi til þess að sú nefnd sem fjallar um forsendur kjarasamning á almennum vinnumarkaði nái breytingum á samningnum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Jafnréttismál

Árið 2008 voru samþykkt ný jafnréttislög á Alþingi Íslendinga. Í þessum lögum voru sett sterk ákvæði um jafnrétti til launa, aðgerðir til að sporna við launamismunum kynjanna og víðurlög ef lögunum væri ekki framfylgt. Í lögunum segir m.a: Í jafnréttislögum frá 2008 er atvinnurekendum og stéttarfélagum uppálagt að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Allir stóru bankarnir þrír og nokkur smærri fjármálfyrirtæki hafa nú fengið "jafnlaunavottun" frá þar til bærur skoðunarframtækjum, og er það vel. Það er staðreynd að launaleynd er tæki til að mismuna fólki í launum, án frambærilegra skýringa. Þeir sem vilja hafa launaleynd og predika hana sem nauðsynlegt tæki fyrir launagreiðendur til að "verðlauna góða starfsmenn" eru ekki starfi sínu vaxnir því þeir treysta sér ekki til að standa frammi fyrir sínum starfsmönnum og skýra ástæður þess að einn er herra launaður en annar. Því meira sem launin eru sýnileg og launastefna gegnsæ því meiri verður samheldni, samkennd og samhugur starfsmanna innan sama fyrirtækis til að gera fyrirtækið enn öflugra og framsæknara á öllum sviðum.

Lokaorð

Það á að vera gaman að starfa hjá íslenskum fjármálfyrirtækjum. Starfið er skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi en um leið erfitt, krefjandi og stundum vanþakklátt. Það er því miður ósiður hér á landi að setja út á og tala illa um einstaklinga og fyrirtæki, sem græða peninga.

Félagsmenn SSF eru andlit fjármálfyrirtækjanna og þeir þurfa oft að ósekju að sitja undir skömmum og rangfærslum þeirra viðskiptavina, sem trúa orðum stjórnvalda- og fjölmiðlamanna. Auðvitað verða fjármálfyrirtækin að skoða alla þætti í rekstrinum vel og gæta þess vel að hagnast ekki á óeðlilegan hátt á gjöldum og vaxtamun. Vextir hér á landi eru allt of háir vegna þess að stýrivöxtum Seðlabanka Íslands er haldið háum til að reyna að sporna við eyðslu, viðskiptahalla og verðbólgu. Gjaldveyrshöftin eru síðan sér kapituli, og ekki séð fyrir enda þeirra ennþá.

Nú ríkir samkeppni á öllum sviðum og félagsmenn finna fyrir auknum kröfum sem gerðar eru til þeirra á flestum sviðum. Fjármálaheimurinn kallar á aukna sérhæfingu og enn meiri menntun, ekki bara í fjármálaþjónustu heldur einnig stjórnun, skipulagi og framtíðarsýn, bæði heimila og fyrirtækja. Þessa menntunarþætti er ekki hægt að uppfylla með því einu að ráða inn nýtt starfsfólk heldur verða fyrirtækin í samvinnu við starfsmenn sína og stéttarfélagið að setja endurmenntun og símenntun í öndvegi, því einungis þeir sem það gera munu spjara sig í samkeppninni.

Eitt meginverkefni næstu ára er að vinna aftur upp traust og trú almennings á fjármálkerfið allt. Til að ná árangri verða allir hlutaðeigendur að vinna þétt saman að bættri ímynd banka og bankamanna. Stjórnendur verða að vanda sig betur þegar kemur að útdelingu verðmæta sem bankarnir ráða yfir og starfsmenn verða að finna aftur stolt og vinnugleði. SSF mun á næstu mánuðum ræða þessi mál við hagsmunasamtök fjármálfyrirtækjanna og leggja allt sitt á vogarskálarnar til að bæta það ástand sem nú ríkir.

Ekki má gleyma mikilvægi þess að styrkja og styðja undirstöðurnar, meðal annars það afl sem felst í sterku og framsæknu stéttarfélagi. Öll réttindamál íslenskra verkamanna eru tilkomin fyrir sameinaða baráttu félagsmanna verkalýðsfélaganna, ekkert þeirra þótti sjálfsagt eða var sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu stéttarfélaganna. Þetta á við sumarleyfi, tryggingar, fæðingarorlof, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, styrktarsjóði, menntunarsjóði, mötuneyti, sumarhús og margt margt fleira. Þessi réttindi þarf stöðugt að verja, því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin

sem slík þegar kjaraviðræður eru í gangi.

Það veit enginn sína ævi og því er öllum nauðsynlegt að eiga sterkan bakhjarl, sem er fólgin í öflugum stéttarfélagi, SSF, og öllum þeim réttindum sem kjarasamningi fylgja. Kjarasamningar eru lágmarks kjör og þeir verða að gilda um alla.

Í lok kjörtímabilsins vill stjórn SSF þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélögum samtakanna, stjórnnum þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SSF ánægjulegt og gefandi samstarf.

Stjórn SSF óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SSF til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánustu framtíð.

Takk fyrir.

Friðbert Traustason, formaður SSF

Anna Karen bauð þingfulltrúum að taka til máls um skýrslu stjórnar en enginn gaf sig fram.



Lagabreytingatillögur lagðar fram af stjórn SSF

Oddur Sigurðsson las upp tillögurnar.

Tillaga 1

15. grein samþykktá SSF

Núverandi grein:

15. gr. Aðildarfélögin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SSF til setu á þingum SSF. Fulltrúar á þingi SSF skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúarmánuði þingárs. Félögin kjósi varafulltrúa. Stjórn SSF ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarféлага, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélögin fulltrúa í hlutfalli við uppgæfna félagatölu SSF-féлага 1. nóvember árið fyrir þingár, að frádreginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarféлага-tala aðildarféлага SSF deilt með fjölda þingsæta). Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SSF fyrir 30. mars þingár.

Grein eftir breytingu:

15. gr. Aðildarfélögin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SSF til setu á þingum SSF. Fulltrúar á þingi SSF skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúarmánuði þingárs. Félögin kjósi varafulltrúa. Stjórn SSF ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarféлага, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélögin fulltrúa í hlutfalli við uppgæfna félagatölu SSF-féлага 1. nóvember árið fyrir þingár, að frádreginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarféлага-tala aðildarféлага SSF deilt með fjölda þingsæta). Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SSF tveimur vikum fyrir setningu þings.

Greinargerð

Ekki er mögulegt að framfylgja núverandi ákvæði þar sem þing eru alla jafna haldin fyrri partinn í mars. Miðað við reynslu síðustu ára er nauðsynlegt að kjörbréf berist skrifstofu SSF tveimur vikum fyrir þing.

Tillaga 2

21. grein samþykktá SSF

Núverandi grein:

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
 - a) Forseta og varaforseta.
 - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.

Kosning fastanefnda þingsins.

1. Kjörnefnd (5)
2. Laganefnd, ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir (5)
3. Fjárhagsnefnd – ótiltekið
4. Allsherjarnefnd – ótiltekið
5. Kjaranefnd – ótiltekið
6. Fræðslunefnd – ótiltekið





5. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar.(sjá gr. 24)
6. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
7. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
8. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
9. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SSF næstu þrjú árin.
10. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.
11. Önnur mál.

Grein eftir breytingu:

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingssetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
 - a) Forseta og varaforseta.
 - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.
5. Kosning fastanefnda þingsins.
 - a) Kjörstjórn (5)
 - b) Laganefnd, ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir (5)
 - c) Fjárhagsnefnd – ótiltekið
 - d) Allsherjarnefnd – ótiltekið
 - e) Kjaranefnd – ótiltekið
 - f) Fræðslunefnd – ótiltekið
6. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar.(sjá gr. 24)
7. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
8. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
9. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
10. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SSF næstu þrjú árin.
11. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.
12. Önnur mál.



Greinargerð

Nauðsynlegt er að breyta nafni Kjörnefndar sem starfar á þinginu þar sem hún ber sama nafn og Kjörnefndin sem starfar fyrir þing og hefur það hlutverk að kalla eftir framboðum til stjórnar samanber b) lið 20. fr. samþykktá SSF. Kjörnefndin sem starfar á þinginu hefur hinsvegar það hlutverk að sjá um framkvæmda kosninga á þinginu samanber 3. málsgrein 26. greinar samþykktá SSF. Jafnframt er lagt til að samræma tölulíði greinarinnar til að laga framsetningu.

Tillaga 3

23. grein samþykktá SSF

Núverandi grein:

23. gr. Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SSF. Reikningar SSF og sjóða skulu lagðir fyrir reglulegan formannafund árlega til fullnaðar afgreiðslu.

Grein eftir breytingu:

23. gr. Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SSF. Jafnframt skulu reikningar SSF endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningar SSF skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á Mínum síðum SSF að lokinni endurskoðun og undirritun stjórnar SSF.

Greinargerð

Tilgangur breytingarinnar er tvíþættur. Annarsvegar að tryggja að reikningar félagsins séu ávallt endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Hinsvegar að auka gagnsæi með því að kveða á um birtingu reikninga SSF á vefsvæði samtakanna sem aðgengilegt er öllum félagsmönnum. Breytingin felur í sér að reikningar SSF eru ekki lengur bornir sérstaklega undir formannafund SSF enda verður að telja að sá háttur sé óþarfur eftir að reikningar verða birtir á vefnum. Þess má geta að ferli við yfirferð reikninga félagsins er eftirfarandi: Fjármálastjóri greiðir reikninga, framkvæmdastjóri kvittar á alla kostnaðarreikninga og bókarir sér um færslu bókhalds. Í lok reikningsárs fer gjaldkeri yfir alla kostnaðarreikninga, stjórn SSF þarf að samþykkja reikninga félagsins ásamt félagskjörnum skoðunarmönnum. Þar að auki eru reikningar SSF endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.



Tillaga 4

26. grein samþykktá SSF

Núverandi grein:

26. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.

Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embætta. Stjórnina skipa 11 menn og skal kjósa formann, 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig, en síðan 8 meðstjórnendur af þeim félagsmönnum sem hafa boðið sig fram til stjórnarsetu.

Grein eftir breytingu:

26. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.

Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embætta. Stjórnina skipa 9 aðalmenn. Kjósa skal formann og varaformann hvern fyrir sig, en síðan 7 meðstjórnendur úr hópi þeirra félagsmanna sem boðið hafa sig fram til stjórnarsetu samanber 20. grein samþykktá SSF.

Greinargerð

Í tugi ára, allt fram til ársins 2007 var stjórn SSF (SÍB) skipuð 7 aðalmönnum og 4 til vara. Þegar aðildarfélagum SSF fjölgaði mjög og mörg ný fjölmennari fjármálafyrirtæki og dótturfélög bættust við hóp viðsejenda SSF var ákveðið að hafa alla 7+4 stjórnarmenn sem aðalmenn í stjórn SSF. Aðildarfélag að SSF voru flest um 20. Nú hefur landslagið aftur breyst mjög, fyrirtækjum og aðildarfélagum hefur fækkað og félagsmönnum SSF samhlíða. Nú eru aðildarfélag að SSF á bilinu 10-12. Spurningin er því hvort ekki sé rétt að skoða að fækka í aðalstjórn SSF úr 11 í 7 (2 varamenn).

Umræður um lagabreytingatillögur

Í framhaldi af spurningu úr sal var ítrekað að lagabreytingatillögur taka gildi eftir að þingi lýkur, verði þær samþykktar.

Helga Jónsdóttir FSLÍ óskaði eftir umræðu um hvort rétt væri að kjósa formann í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Anna Karen Hauksdóttir SÍ sagðist fylgjandi tillögu um fækkun stjórnarmanna, sagði að það tókðaðist á Norðurlöndunum að hafa einn varaformann.

Tillögunum vísað til Laganefndar.

Auglýst eftir tillögum til nefnda

Þingforseti auglýsir eftir tillögum til nefnda.

Ari Skúlason FSLÍ óskaði eftir umræðu um sveppagróður á vinnustöðum. Stórt mál bæði hjá Landsbanka og Íslandbanka. Vísað til Kjaranefndar.

Daníel Reynisson TRM Arion banka óskaði eftir umræðu um þátttöku í tannlæknakostnaði. Vísar í þátttöku annarra stéttarféлага. Vísað í Fjárhagsnefnd.

Guðrún Jóna Jónsdóttir SRB, vísar eftirfarandi tillögu til Jafnréttisnefndar. Jafnrétti verði í áhrifa-stöður innan fyrirtækja. Jafnrétti til fæðingarorlofs, hvað er til ráða. Fæðingarorlof verði aukið.

Guðmundur Friðrik Jóhannsson SÍ, gerði athugasemd við að Ársreikningar SSF fyrir árið 2015 væru ekki lagðir fyrir þingið. Hilmar Gylfason svarar því til að reikningarnir séu ekki tilbúnir enda séu þeir lagðir fyrir formannafund að hausti til samþykktar. Sigurjón Gunnarsson ítrekar að ársreikningar séu ekki lagðir fyrir þing til samþykktar en ársreikningar fyrir árin 2012 til 2014 séu aðgengilegir í vinnuöppu þingfulltrúa auk þess sem fjárhagsáætlun næstu ára sé lögð fyrir þingið til samþykktar.



Helga Jónsdóttir FSLÍ, vísar til Kjaranefndar. Það er farið að halla á álagsgreiðslur, sem sagt prósentur sem eru greiddar um kvöld og um helgar. Þessar álagsgreiðslur eru lægri hjá SSF samanborið við önnur stéttarfélag.

Hádegishlé

Erindi Arvid Ahrin NFU, Rebuilding trust in finance

Arvid byrjaði á að segja að honum væri sýndur heiður að fá að ávarpa þingið. Hann talaði um NFU en NFU eru regnhlífasamtök fyrir næstum 150.000 banka og tryggingastarfsfólk á Norðurlöndunum fimm.

SÍB eða SSF eins og það heitir í dag gekk í NFU 1937 svo það er óhætt að segja að sambandið sé





gamalt og traust en á næsta ári fögnum við 80 ára norrænu samstarfsafmæli.

Við eigum einn fulltrúa í stjórn NFU og það er hún Anna Karen Hauksdóttir.

Arvid fór yfir verkefni hjá NFU og talar um mikilvægi félagsins. Hann velti upp spurningunni af hverju traust er svona mikilvægt í fjármálageiranum?

Það er óhætt að segja að traust sé það sem skiptir mestu máli fyrir fjármálastofnanir. Án trausts myndi engum detta í hug að taka peningana sína undan dýnunni og afhenda þá bankanum og enginn myndi borga fyrir tryggingar ef þeir treystu ekki tryggingafélaginu sínu til að koma til aðstoðar þegar tjón verður.



Hvernig byggir fjármálageirinn upp traust? Í fyrsta lagi og það sem er mest áriðandi er auðvitað hvernig komið er fram við viðskiptavininn. Allir bankar og tryggingarfélög stóla á samband sitt við viðskiptavininn og þar er starfsfólk fjármálafyrirtæka í lykilhlutverki.

Það þýðir að meðlimir aðildarfélaga NFU eru algjörlega nauðsynlegir til að byggja upp og viðhalda trausti í fjármálageiranum. Sem er líka í þágu eigenda fjármálafyrirtækja því starfsfólk fjármálafyrirtækja vill banka sem hægt er að treysta og þ.a.l. búa til góðan hagnað. Og af því að traust er svo áriðandi fyrir félög í NFU, þá höfum við spurt, hafa starfsmenn fjármálafyrirtækjanna á Norðurlöndum möguleika til að vinna vinnuna sína þannig að til verði traust á fjármálamarkaði?



Ef fjármálamarkaðinn er skodaður og hvert hann hefur farið síðan hann varð trausti rúinn, þá eru nokkur lyklatríði sem er vert að hugsa um. Ef Ísland er tekið sem dæmi, þið þekkið umdeilda viðskiptahætti þegar bankar hafa verið að selja eigur á afslætti til valdra aðila. Einnig kannist þið við umræðuna um bónus greiðslur í þessum geira og nýlegar umræður um arðgreiðslur hjá íslenskum tryggingafélögum. Öll þessi atriði eyðileggja traustið á umhverfi okkar og á fjármálakerfið okkar.

Hvað getum við lært? Í fyrsta lagi þá er gegnsæi lykillinn. Sem starfsmenn fjármálafyrirtækja þá getum við þrýst á meira gegnsæi í ákvörðunum fyrirtækja, látið okkur málin varða. Þegar stjórn er á höndum fárra er meiri hætta á mistökum, freistingar gætu aukist sem getur endað í spillingu. Hér getum við sem stéttarfélag spilað stórt hlutverk.



Skortur er á trausti almennings sem fylgir þessum skandal hefur áhrif á vinnuumhverfi starfsmanna fjármálafyrirtækja. Þeir þurfa t.d. að kljást við reiði viðskipavina. Þetta er raunveruleiki á öllum Norðurlöndunum. Við höfum verk að vinna hér.

Stjórn NFU setti traust sem lykilstefnu NFU fyrir árið 2016.

Við þurfum að bera kennsl á bestu vinnubrögðin og koma þessu til vinnuveitenda og löggjafa. Við þurfum að styðja gott vinnuumhverfi með það að leiðarljósi að þjóna hagsmunum viðskiptavinarins því það er oftast í þágu starfsmanna fjármálafyrirtækja.



Í vor munum við hugsa um hvernig við getum haldið áfram að vinna með þetta mál innan NFU til að hjálpa sem best aðildarfélögum í þeirra heimalöndum. En við munum einnig fara með niðurstöðurnar til Brussel þar sem við munum skipuleggja opið málþing 24. maí og er öllum félagsmönnum SSF boðið að taka þátt.

Arvid talaði um fleiri verkefni NFU t.d. minnst hann á spennandi rannsókn sem NFU er að styrkja í Copenhagen Business School þar sem verið er að rannsaka tvennt, breytingar í norræna líkaninu um stjórnunarhætti fyrirtækja og þátttöku stéttarfélaga yfir tíma, og afleiðingar mikillar arðsemi eiginfjár sem verið er að nota í mörgum norrænum bönkum og tryggingafyrirtækjum og áhrifum þess á fjármálageirann yfir tíma.

NFU hefur lagt mikla vinnu í að hafa áhrif á EU lög fyrir fjármálageirann með frábærum árangri. Sú vinna fer minnkandi þar sem það eru færri nýjar reglur gefnar út. Þá myndast rými til að takast á við ný verkefni og áskoranir.



Það er stéttarfélagssfundur í Kaupmannahöfn sem mun ákveða vinnuáhrif fyrir næstu tvö ár fyrir NFU. Þarna er tækifæri til að hafa áhrif á næstu verkefni NFU. Þing NFU sem haldið er annað hvert ár verður að öllum líkindum á Íslandi 2017. Þá mæta hingað fulltrúar 100 norrænna aðildarfélaga.

Að lokum þá er það ljóst að við þurfum að halda áfram að vinna að því að byggja upp traust í fjármálageiranum og það er líka ljóst að félögin geta skipt sköpum í því að láta það gerast.



Launakönnun 2016

Þórhallur Ólafsson frá Gallup fór yfir helstu niðurstöður úr launakönnun SSF sem framkvæmd var í febrúar 2016 auk þess að svara spurningum úr sal. Helstu niðurstöður og könnunina í heild má nálgast á heimasíðu SSF sem og í launareiknivél SSF. Sérstaka athygli vakti að kynbundinn launamunur hefur aukist þrátt fyrir jafnlaunavottanir stóru bankanna. Einnig vakti athygli hversu mikil breyting er á hópnum; aldur, menntun og kynjahlutfall. Auk þess sem félagsmönnum hefur fækkað umtalsvert frá síðustu könnun.

Kynning á framkvæmd nefndastarfa

Varðingforseti fór yfir vinnuöppu sem fundarmenn fengu og staðsetningu hópa. Hilmar Gylfason og Anna Karen Hauksdóttir munu ganga á milli nefnda ef eitthvað er óljóst.

Nefndastörf hófust kl. 14:30 og stóðu til kl. 17:00

Erindi Pål Adrian Hellman frá Finansforbundet Noregi

Pål talar um skyldleika Íslands og Noregs, nálægð og frændskap.

Breytingar er orðið sem myndi lýsa því vel sem við höfum séð og munum sjá í okkar geira. Breytingar vegna fjármálakrísu, breytingar vegna tækniframfara, breytingar vegna samruna og yfirtöku, breytingar vegna nýrra reglugerða o.s.frv.

Pegar þetta skellur allt á okkur er gott að eiga vini á Norðurlöndunum í gegnum NFU og fleiri félög. Það gefur okkur tækifæri til að vera tilbúin, læra hvert af öðru og berjast fyrir hvert annað þegar á þarf að halda.

Ísland og Noregur standa frammi fyrir sömu áskorunum og það er gott hvað Norðurlöndin styðja hvert annað vel.

Í FSU Noregi reynum við að sjá fyrir breytingar. Það tekst ekki alltaf en við höfum reynt að vinna skipulega að því að skilja breytingar t.d. með því að stunda rannsóknir til að bæta þekkingu okkar á greininni og því sem er að gerast hverju sinni.

Það er ekki auðvelt fyrir stéttarfélag að taka þessa stefnu, að sjálfsgöðu munum við berjast fyrir betri vinnutíma, góðum launum og góðu lífeyriskerfi en við þurfum að horfa til framtíðar til að skilja og undirbúa okkur undir það sem koma skal.

Að lokum tilkynnir hann að tveimur fulltrúum SSF verði boðið að koma á þing Finansforbundet í Noregi til að ræða við félagana sína um hvað við höfum lært og hvernig við getum deilt reynslunni.

Í dagslok

Ragnar Sigurðsson ritstjóri SSF fór í stuttu máli yfir kynningarstarf SSF auk þess að kynna nýja trúnaðarmannahandbók sem unnið hefur verið að síðustu misserin.

Þingforseti fór yfir hagnýt atriði varðandi framhald þingsins og kvöldverð. Að því loknu var gert hlé á þingstörfum.

Föstudagur 11. mars

Þing kom saman að nýju kl. 8:45 og nefndarstörf héldu áfram til kl. 11:00.

Afgreiðsla nefndarálita

Mikil vinna var unnin í nefndum þingsins auk þess sem talsverðar umræður urðu um tillögur frá nefndum. Eftirfarandi eru þær tillögur og ályktanir sem samþykktar voru á 46. þingi SSF.

Laganefnd


Oddur Sigurðsson SÍ, fór yfir breytingatillögur laganefndar.

Sigurjón Gunnarsson þingforseti lagði tillögðurnar fyrir þingið, þingfulltrúum boðið að tjá sig um tillögurnar en enginn bað um orðið. Gengið til atkvæðagreiðslu um tillögurnar.

Fyrsta tillaga samþykkt samhljóða – grein eftir breytingu:

15. gr. Aðildarfélagin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SSF til setu á þingum SSF. Fulltrúar á þingi SSF skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúarmánuði þingárs. Félagin kjósi varafulltrúa. Stjórn SSF ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarfélaga, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélagin fulltrúa í hlutfalli við uppgefna félagatölu SSF-félaga 1. nóvember árið fyrir þingár, að frádreginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarféлага-tala aðildarfélaga SSF deilt með fjölda þingsæta). Kjörbref staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SSF tveimur vikum fyrir setningu þings.





Önnur tillaga samþykkt samhljóða – grein eftir breytingu:

21. gr.

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
 - a) Forseta og varaforseta.
 - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.
5. Kosning fastanefnda þingsins.
 - a) Kjörnefnd (5) skipuð af stjórn SSF þremur mánuðum fyrir þingsetningu.
 - b) Laganefnd (5), ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir.
 - c) Fjárhagsnefnd – ótiltekið.
 - d) Allsherjarnefnd – ótiltekið.
 - e) Kjaranefnd – ótiltekið.
 - f) Fræðslunefnd – ótiltekið.
6. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar.(sjá gr. 24)
7. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
8. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
9. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
10. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SSF næstu þrjú árin.
11. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.
12. Önnur mál.

Þriðja tillaga samþykkt samhljóða – grein eftir breytingu:

23. gr. Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SSF. Jafnframt skulu reikningar SSF endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningar SSF skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á Mínum síðum SSF að lokinni endurskoðun og undirritun stjórnar SSF.

Fjórdða tillaga samþykkt með þorra atkvæða, 7 á móti – grein eftir breytingu:

26. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF. Félagsmáður getur einungis boðið sig fram til tveggja embætta. Stjórnina skipa 9 aðalmenn. Kjósa skal formann og varaformann hvorn fyrir sig, en síðan 7 meðstjórnendur úr hópi þeirra félagsmanna sem boðið hafa sig fram til stjórnarsetu samanber 20. grein samþykta SSF.

Ályktanir laganefndar

Laganefnd beinir því til stjórnar að rædd verði tillaga til kynjakvóta sem kom fram á 45. þingi SSF en var ekki undirbúin fyrir 46. þing.

Laganefnd beinir því til stjórnar að kanna hvort vilji sé hjá hinum almenna félagsmanni að allir félagsmenn komi að kosningu formanns.

Laganefnd beinir því til stjórnar SSF að 25. gr. verði endurskoðuð og breytt og leggur til að við greinina verði bætt gistingu og ekki sé gert ráð fyrir að fundir séu alltaf haldnir í Reykjavík eða nágrenni. Í greininni er eingöngu gert ráð fyrir að greidd séu fargjöld fulltrúa búsettra utan Reykjavíkur og nágrennis.

Sigurjón kannar hvort einhver vilji tjá sig um tillögurnar. Enginn gaf sig fram. Ályktanir bornar undir þingið. Samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd 1 - Jafnréttisnefnd

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að beina því til stjórnar SSF að vinna markvisst að viðhorfsbreytingum í þjóðfélaginu, ásamt öðrum stéttarfélögum, til að knýja fram launajafnrétti.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF skoði með fjármálfyrirtækjum sem eru með jafnlaunavottun í hverju mismunur á launamun kynjanna liggja sem kemur fram í launakönnun SSF 2016.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF útbúi gátlista og fræðsluefni fyrir félagsmenn til að nýta til undirbúnings fyrir launaviðtal. Jafnframt hvetji SSF félagsmenn sína til að nýta sér árlegan rétt sinn til launaviðtals.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10-11 mars samþykkir að SSF hvetji fjármálfyrirtæki til að tryggja sömu laun fyrr jafnverðmæt störf.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars samþykkir að hvetja fjármálfyrirtæki að sýna gott fordæmi í þjóðfélaginu með launajafnrétti innan fjármálfyrirtækja.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF vinni gegn launaleynd t.d. með því að upplýsa félagsmenn að ekki ríki launaleynd enda er hún tæki launagreiðanda til að mismuna starfsmönnum án haldbærra skýringa.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF hvetji fjármálfyrirtæki til að gera sérstakt átak í forvörnum gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni. Varast þarf þöggun í samfélaginu um þessi mál.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF beini því til fjármálfyrirtækja að kanna einelti og kynferðislegri áreitni í reglubundnum vinnustaðakönnunum.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF skuli tryggja að ávallt ríki jafnrétti þegar skipað er í stjórnir, nefndir og ráð á vegum samtakanna.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF skori á fjármálfyrirtæki að þau láti jafnrétti ríkja þegar skipað er í áhrifastöður innan fyrirtækjanna.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF vinni áfram launakannanir þar sem sérstaklega verði hugað að þáttum launajafnréttis og jafnréttis til vinnu og framþróunar í starfi.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF hvetji fjármálfyrirtækin til að tryggja sér vottun um jafnlaunastefnu í samstarfi við starfsmannafélögin og viðhaldi henni.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF hvetji fjármálfyrirtæki til að meta starfsreynslu ekki síður en menntun og fari varlega í að segja upp reynslumiklu starfsfólki þegar skera þarf niður.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF skoði aðgerðir til að jafna þátttöku fólks í fæðingarorlofi og auka jafnrétti til fæðingarorlofs á vinnustað.

46. þing SSF haldið á Selfossi 10.-11. mars 2016 samþykkir að SSF hvetji ríkið og sveitarfélög til að starfa saman að því að aðstoða foreldra við að brúa bilið sem er frá lokum fæðingarorlofs þar til börn komast á leiksskóla. Rétt væri að lengja fæðingarorlof upp í 12 mánuði og setja á fót fleiri ungbarna leiksskóla svo bjóða megi börnum leikskólaláss frá lokum fæðingarorlofs.

Allsherjarnefnd 2 – Efnahags og þjóðfélagsmál

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að halda áfram að endurskoða regluverk um fjármálastarfsemi og peningastefnu Seðlabankans og aflétta gjaldeyrishömlum. Huga þarf sérstaklega að endurskoðun á regluverki tengdu fyrirtækjum hvort heldur sem er rekstur á eigin kennitölu eða fyrirtækjakennitölu.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að vinna af heilindum með stéttarfélögum, atvinnurekendum og öðrum frjálsum félagasamtökum að markvissum aðgerðum, sem tryggja atvinnulífi og heimilum eðlileg lífsskilyrði og möguleikanum til endurnýjaðrar velferðar.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að samræma framfærslugrunna í bóta- og styrkjakerfum ríkis- og sveitarfélaga og tryggja að þau byggji á raunhæfum framfærslukostnaði.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga hækki í samræmi við launapróun og skerðingin frá 2009 verði bætt.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að afnumdar verði tekjutengingar elli- og örorkubóta og samspil almannatrygginga- og lífeyrissjóðsgreiðslna bætt þannig að komið verði í veg fyrir víxlverkanir milli kerfa.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að hámark verði sett á kostnaðarþátttöku vegna langvarandi lyfja og heilbrigðisþjónustu þannig að allir landsmenn geti notið þjónustunnar óháð efnahag.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að réttindi og vernd launafólks í starfi verði efl. Vinnuvernd er aldrei mikilvægari en þegar kreppir að í atvinnulífinu. Mikilvægur þáttur í því er að stjórnvöld efni loford sín um umbætur varðandi vernd vegna atvinnusjúkdóma og bætur til þeirra sem fyrir þeim verða.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnvalda að fjármál ríkisins verði opinber og gagnsæ og aðhald sé á öllum sviðum í fjármálum ríkisins.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnar SSF að fara af stað með ímyndarherferð fyrir starfsfólk fjármálfyrirtækja.





46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnar SSF að skoða í hverju launamunur kynjanna liggur og geri t.d. samning við VR um að merkja jafnlaunavottun VR sem SSF. SSF krefst þess að róttæk skref verði tekin í baráttunni gegn launamuni kynjanna. Launamunur kynjanna er staðreynd og allt of lítið hefur áunnist í þeim efnum á undanföllum áratugum. Í launakönnunum kemur ítrekað í ljós að launamunur kynjanna (óútskýrður með öðru en kynferði) er á bilinu 10-16% hjá flestum starfsstéttum, og hefur haldist óbreyttur í tugir ára.



46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnar SSF að stjórn SSF hafni öllum hugmyndum og aðgerðum sem veikja munu stöðu kvenna og leiða til aukins ójafnaðar kynjanna á íslenskum vinnumarkaði.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10.-11. mars 2016 beinir því til stjórnar SSF að staðinn verði vörður um réttindi launafólks til þess að vera í stéttarfélagi þar sem það á heima faglega og félagslega. Það er sameiginlegt verkefni SSF og aðildarfélaga SSF að fylgja eftir og sjá til þess að stjórnvöld og atvinnurekendur mæti réttmætum kröfum launafólks um velferð og réttindi á vinnumarkaði. Til þess hefur verkalyðshreyfingin samtakamátt og afl sem henni ber að beita eins og þörf krefur hverju sinni.

Allsherjarnefnd 3 – Stefnunótun

46. þing SSF haldið á Selfossi 10-11 mars 2016 ályktar eftirfarandi:



Að stjórn samtakanna og starfsmenn skrifstofu verði sýnilegri. Félagsmenn og trúnaðarmenn sérstaklega þurfa að vita hverjir starfa á skrifstofu og eru í stjórn SSF. Halda fundi með trúnaðarmönnum reglulega til að styrkja tengsl þeirra við félagið.

Að SSF efli kynningarstarf fyrir félagsmenn um hlunnindi og kjör. Lagt til að SSF útbúi kynningarbækling. Einnig kynningarbækling um starfslok, kynna tryggingarnar fyrir fólki sem hættir og önnur kjör sem haldast þrátt fyrir starfslok.

Að trúnaðarmenn verði virkjaðir til að kynna nýja kjarasamninga fyrir samstarfsfólki áður en til atkvæðagreiðslu kemur. Hafa t.d. reiknivélar svo fólk geti sett inn sínar forsendur til að meta kjarasamninga fyrir atkvæðagreiðslu.



Að SSF sinni vel erlenda samstarfinu. Þar er miðlægur þekkingarbrunnur og sterkt bakland. Lærum þar af reynslu annarra með góðu upplýsingaflæði og þekkingu. Öflugt tengslanet sem getur nýst okkur vel í framtíðinni.

Að SSF styðji við framtíðarsýnina um fjölgun félagsmanna með því að starfsmenn tryggingafélaga verði einnig félagsmenn SSF þar sem tryggingafélögin eru í svipuðum geira og önnur fjármála-fyrirtæki. Með fjölgun félagsmanna verðum við öflugri.

Að SSF haldi nýliðafræðslu hjá SSF fyrir nýja starfsmenn þar sem kynnt eru hlunnindi og kjarasamningar.

Að SSF efli kynningu til ungs fólks og hafi til dæmis kynningarbás á Háskóladeginum.

Að SSF vinni áfram að því að hækka framlag bankanna í styrktarsjóð SSF og færa útgreiðslu íþróttastyrks frá aðildarfélögunum yfir til SSF með tímanum.

Að SSF skoði möguleika á eigu/leigu á orlofshúsum. T.d. aðildarfélög sem ekki eiga orlofshús greiði 0,25% í orlofshúsasjóð hjá SSF og SSF myndi kaupa eða leigja hús fyrir þessi minni aðildarfélög. Gæti hugsanlega laðað að fleiri félagsmenn ef orlofshúsasjóður yrði innan SSF.



Kjaranefnd

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að félagið fái sömu prósentu hækkun á launa- og lífeyrismálum, byggt á kjarasamningi ASÍ og SA, dagsettur 21. janúar 2016, sbr. gr. 3 og gr. 4.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að markaður verði rammi um fjölda vinnustunda sem starfsmaður skal skila samkvæmt fastlaunasamningi. Allar unnar vinnustundir umfram fastlaunasamning verði greiddar.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að kjör og réttindi vaktavinnufólks verði leiðrétt í samræmi við aðra gildandi samninga; vetrarfrí móti rauðum dögum, yfirvinna samkvæmt starfshlutfalli.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að semja um nýja einfaldari launatöflu þar sem raunveruleg greidd laun verði gagnsærri en nú er. Starfsaldursþrepum verði fækkað, en prósentuhækkun komi fyrir á starfsævinni. Þeir sem eru með laun samkvæmt launatöflu er hættara við að vera á lægri launum en þeir sem eru ekki undir launatöflu. Markmiðið er að launataflan endurspegli raunveruleg laun.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að samið verði um hærra framlag atvinnurekenda í fæðingarorlofsgreiðslum. Starfsmaður geti dreift fæðingarorlofsgreiðslum í x mánuði allt að 12 mánuðum.



46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að hún komi því á framfæri að veikindi vegna myglusvepps verði skilgreind sem atvinnusjúkdómur og veikindaréttur skilgreindur í samræmi við það.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að starfsmönnum verði gert fært að haga starfslokum í samræmi við starfsorku og starfsvilja. Gera fólki kleift að sinna hlutastarfi í „fastri“ vinnu þegar aldur færir yfir.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að krefjast þess að Alþingi setji þak á lækni- og lyfjakostnaði. Samið verði um verulega hækkun á slysa- og líftryggingum félagsmanna, ásamt því að bæta við tryggingum vegna veikinda og slysa. Bæta við grein 7.4.1 í kjarasamningu SSF, í stað „veikist eða deyi“ komi „veikist, slasist eða deyi“.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 samið verði um lokun fjármálafyrirtækja á gamlársdag án þess að gengið sé á önnur réttindi.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að samið verði um hærri framlög fjármálafyrirtækja í Styrktar- og Menntunarsjóði SSF.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að framlag atvinnurekanda í samtryggingahluta lífeyrisiðgjalds verði hækkað úr 6% í 8% án skerðingar framlags í séreignarhluta lífeyrisiðgjalds.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að vinna að styttri og sveigjanlegri vinnuviku til að efla fjölskylduvænni vinnumenningu, þannig að vinnustundir (með matar- og kaffitíma) verði 36 stundir í stað 40 stunda.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til samninganefndar SSF að breyta grein 6.1.10 í kjarasamningur SSF, í stað „sjúkum börnum sínum“ komi „aðstandanda starfsmanns“.

Fræðslunefnd

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 samþykkir að beina því til stjórnar að halda útgáfu SSF blaðsins óbreyttri eins og verið hefur undanfarin ár.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 fagnar því að gefin verði út trúnaðarmannahandbók sem dreift verður til trúnaðarmanna á pappírformi ásamt því að hafa rafræna útgáfu á netinu.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 fagnar því að búið er að koma blöðum félagsins til varðveislu á timarit.is.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 fagnar því að stiklur úr sögu SSF verði gefnar út og að sent verði til allra félagsmanna ásamt möguleika á að senda á eftirlaunaþega innan SSF.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 hvetur aðildarfélögin að kynna fyrir félagsmönnum sínum Facebook síðu SSF.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 hvetur SSF til að halda áfram að efla tengsl við sína félagsmenn til dæmis með heimsóknum.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 hvetur SSF til að huga að þróun almannatengsla til að efla ímynd félagsmanna SSF.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 fagnar því að SSF hafi gefið gjöf til Ljóssins í tilefni 80 ára afmælis SSF.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 samþykkir að heimila skrifstofu SSF að afgreiða umsóknir í Menntunarsjóð SSF eftir þörfum. Skilyrði fyrir afgreiðslu styrks er að námi sé lokið eða að staðfesting fylgi frá skóla að námsgjöld verði ekki endurgreidd.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 samþykkir að beina því til stjórnar að styrkir verði áfram 50% af námsgjöldum og að hámarksstyrkur verði hækkaður í kr. 200.000 úr Menntunarsjóði SSF.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 samþykkir að beina því til stjórnar að styrkir vegna sumarstarfsmanna verði áfram 50% af námsgjöldum og að hámarksstyrkur verði kr. 25.000 úr Menntunarsjóði SSF.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 lýsir ánægju með nám til vottunar fjármálaráðgjafa.

46. þing SSF haldið á Selfossi dagana 10. – 11. mars 2016 beinir því til fjármálafyrirtækja að gera starfsmönnum kleift að sækja nám og endurmenntun.





Kl. 14:00 Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til samtakanna næstu þrjú árin.

Fjárhagsnefnd

Fjárhagsáætlun

Helga Jónsdóttir FSLÍ, fer yfir fjárhagsáætlun. Tók fram að lítið svigrúm sé hjá Styrktarsjóði vegna fjárhagsstöðu sjóðsins.



Fjárhagsáætlun SSF 2016 - 2019

Allar upphæðir í

	Rauntölur 2014	%	Áætlun 2015	Áætlun		
				2016	2017	2018
Árgjöld	134.089	-2%	132.000	130.000	130.000	130.000
Grunnsjóður	36.583	-2%	36.000	36.000	36.000	36.000
Þjónustutekjur	6.500	0%	6.500	6.500	6.500	6.500
Leigutekjur	1.030	2%	1.049	1.070	1.090	1.110
Aðrar tekjur (HASLA)	945	1%	958			
Tekjur	179.147		176.507	173.570	173.590	173.610
Laun og tengd gjöld	53.502	8%	57.610	58.000	60.000	61.500
Fræðslustarf	15.702	-7%	14.545	15.000	15.000	15.000
Útgáfu- og kynningarst.	5.095	102%	10.290	7.500	7.500	7.500
Erlent samstarf	10.972	1%	11.136	10.000	10.000	10.000
Kannanir	0		0	2.000	2.000	
Þing	0		0	14.000		
Rekstur fasteigna	10.345	-40%	6.232	5.000	5.000	5.000
Viðhald tölvubún. og vefsíðu	7.129	97%	14.074	10.000	2.000	2.000
Lögfræðikostn.	4.599	101%	9.223	7.500	7.500	7.500
Endurskoðun	1.507	7%	1.614	1.650	1.650	1.650
Rekstur skrifstofu	4.146	-3%	4.040	4.500	4.500	4.500
Annar rekstrarkostn.	9.059	19%	10.740	10.000	10.000	10.000
Grunnsjóður	36.583	-2%	36.000	36.000	36.000	36.000
Afskriftir	2.835	0%	2.835	2.750	2.750	2.750
Gjöld	161.474		178.339	183.900	163.900	163.400
Hagnaður/tap	17.673		-1.832	-10.330	9.690	10.210
Fjármagnstekjur	12.243		14.414	15.000	15.000	15.000
H/T með fjármunatekjum	29.916		12.582	4.670	24.690	25.210



Fjárhagsáætlun Menntunarsjóðs SSF 2016 - 2019

Allar upphæðir í

	Rauntölur 2014	Áætl. 2015	Áætlun		
			2016	2017	2018
Árgjöld	70.910	69.745	71.000	71.000	71.000
Tekjur	70.910	69.745	71.000	71.000	71.000
Menntunastyrkir	50.820	58.134	66.000	68.000	68.000
Þjónustugjald SSF	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500
Annar rekstrarkostnaður	167	144	150	150	150
Gjöld	53.487	60.778	68.650	70.650	70.650
Hagnaður/tap	17.423	8.967	2.350	350	350
Fjármagnstekjur	163	448	450	450	450
H/T með fjármunatekjum	17.586	9.415	2.800	800	800



	Rauntölur	Áætl.	Áætlun		
	2014	2015	2016	2017	2018
Árgjöld	121.851	118.271	118.500	149.500	165.000
Tekjur	121.851	118.271	118.500	149.500	165.000
Styrkir	158.327	175.040	165.000	165.000	160.000
Þjónustugjald SSF	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000
Annar rekstrarkostnaður	511	155	160	160	160
Afskriftir	282	0	0	0	0
Gjöld	163.120	179.195	169.160	169.160	164.160
Hagnaður/tap	-41.269	-60.924	-50.660	-19.660	840
Fjármagnstekjur	15.468	265	0	0	0
H/T með fjármunatekjum	-25.801	-60.659	-50.660	-19.660	840



Skýring:

Þann 01.05.2017 hækkar framlag í Styrktarsjóð úr 0,5% í 0,7%.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Stjórnarlaun

Miða skal við launaflokk 203-7

	Grunnur	Hlutfall%	Laun
Formaður	578.695 kr.	50%	289.348
1. varaformaður	578.695 kr.	25%	144.674
2. varaformaður	578.695 kr.	25%	144.674
Gjaldkeri	578.695 kr.	25%	144.674
Ritari	578.695 kr.	15%	86.804
Meðstjórnandi 1-6	578.695 kr.	10%	57.870
Meðstjórnandi 1-6	578.695 kr.	10%	57.870
Meðstjórnandi 1-6	578.695 kr.	10%	57.870
Meðstjórnandi 1-6	578.695 kr.	10%	57.870
Meðstjórnandi 1-6	578.695 kr.	10%	57.870
Meðstjórnandi 1-6	578.695 kr.	10%	57.870
		200%	1.157.390
Samtals stjórnarlaun á ári			13.888.680
Launatengd gjöld		23%	3.194.396
		Alls:	17.083.076

Fjárhagsnefnd lagði til að stjórnarlaun yrðu óbreytt. Lögð var fram breytingatillaga um að hækka laun gjaldkera til jafns við laun varaformanna, tillagan var samþykkt. Tillaga um stjórnarlaun að öðru leiti samþykkt óbreytt.

Ályktanir fjárhagsnefndar

46. þing SSF haldið á Selfossi 10-11. mars 2016, samþykkir að félagsgjald til SSF verði óbreytt eða 0,7% og þar af renni 0,15% til Grunnssjóðs. Áfram verði gert hlé á greiðslum til Vinnudeilusjóðs.

46. þing SSF haldið á Selfossi, dagana 10. – 11. mars 2016 samþykkir að beina því til stjórnar Styrktarsjóðs SSF að breyta úthlutunarreglum sjóðsins þannig að skilyrði fyrir styrkjum hærrí en 100.000 krónur verði að félagsmaður hafi greitt félagsgjöld til SSF í 6 mánuði samfellt. Lagt er til að allir styrkir verði reiknaðir á tilteknu tímabili aftur í tímann, í stað almanaksárs.

46. þing SSF haldið á Selfossi, dagana 10. – 11. mars 2016 hvetur stjórn Styrktarsjóðs að skoða möguleika á að veita þeim félagsmönnum sem lenda í umtalsverðum útgjöldum vegna veikinda eða slysa fjárhagsstyrk (Hér er átt við hærri útgjöld en 250.000).



Kjör stjórnar

Framboð til stjórnar SSF kjörtímabilið 2016-2019

Stjórn SSF skipa 11 félagsmenn og skal kjósa formann, 1. og 2. varaformann hvorn fyrir sig, en síðan 8 meðstjórnendur. Eftirfarandi félagsmenn hafa gefið kost á sér til stjórnarsetu:

Framboð til formanns

Friðbert Traustason, SSF

Eini frambjóðandinn og er því sjálfkjörinn.



Framboð til 1. varaformanns

Anna Karen Hauksdóttir, SÍ

Eini frambjóðandinn og er því sjálfkjörin .

Framboð til 2. varaformanns

Anna Lea Gestsdóttir – Starfsmannafélagi Byggðastofnunar - (býður sig jafnframt fram til meðstjórnanda)

Ari Skúlason – FSLÍ - (býður sig jafnframt fram til meðstjórnanda)

Hörður Jens Guðmundsson – TRM Arion banka - (býður sig jafnframt fram til meðstjórnanda)



Framboð til meðstjórnanda

Anna María Hjartardóttir - FSLÍ

Daníel Reynisson – TRM Arion banka

Guðný S. Magnúsdóttir – FSLÍ

Guðrún Jóna Jónsdóttir – Starfsmannafélagi RB

Gunnar Gunnarsson – Starfsmannafélagi Seðlabankans

Jóhann Arnarson – Starfsmannafélagi Byggðastofnunar

Nanna Kristín Tryggvadóttir - FSLÍ

Oddur Sigurðsson - SÍ



Birgít Jóhannsdóttir, VÍST, dró framboð sitt til baka.

Daníel Reynisson, TRM Arion banka, dró framboð sitt til 2. Varaformanns til baka en er í framboði til meðstjórnanda.

Niðurstaða stjórnarkjörs SSF fyrir kjörtímabilið 2016-2019

Friðbert Traustason, SSF, formaður.

Anna Karen Hauksdóttir, SÍ, 1. varaformaður.

Ari Skúlason, FSLÍ, 2. varaformaður.

Daníel Reynisson, TRM Arion banka, meðstjórnandi

Guðný S Magnúsdóttir, FSLÍ, meðstjórnandi

Guðrún Jóna Jónsdóttir, Sf.RB, meðstjórnandi

Gunnar Gunnarsson, Sf.Seðlabanka, meðstjórnandi

Hörður Jens Guðmundsson, TRM Arion banka, meðstjórnandi

Jóhann Arnarson, Sf.Byggðastofnunar, meðstjórnandi

Nanna Kristín Tryggvadóttir, FSLÍ, meðstjórnandi

Oddur Sigurðsson, SÍ, meðstjórnandi



Skoðunarmenn og stjórnir sjóða

Stjórn Vinnudeilusjóðs

Erla Stefánsdóttir

TRM Arion banka

Jón Kr. Sveinsson

Starfsmannafélag RB

Gjaldkeri SSF



Til vara:

Hildur Friðleifsdóttir

FSLÍ

Ásdís Hannesdóttir

SÍ

Stjórn Styrktarsjóðs

Friðbert Traustason

SSF

Anna Karen Hauksdóttir

SÍ

Gjaldkeri SSF



Til vara:

Guðlaug E. Bóasdóttir,

FSLÍ

Ingvar Breiðfjörð

TRM Arion banka

Stjórn Menntunarsjóðs

Sigurlaug Friðriksdóttir TRM Arion banka
Sigurjón Gunnarsson FSLÍ
Einn tilnefndur af stjórn SSF

Til vara:

Guðmundur Friðrik Jóhannsson SÍ
Guðjón Emilsson Sf. Seðlabankans

Stjórn Grunnsjóðs

Gunnar Gunnarsson VÍST
Rebekka Helga Sveinsdóttir SÍ
Marteinn Kristjánsson FSLÍ
Formaður SSF
Gjaldkeri SSF

Til vara:

Anna Kristín Björnsdóttir TRM Arion banka
Brynja M. Kjærnested Sf. Almenna

Skoðunarmenn reikninga

Gréta Kjartansdóttir SÍ
Helga Jónsdóttir FSLÍ

Til vara:

Helena Rúriksdóttir TRM Arion banka
Rebekka Helga Sveinsdóttir SÍ

Önnur mál

Fyrir þinginu lá tillaga um inntöku tveggja nýrra aðildarféлага:
Stabo – Starfsmannafélag Borgunar
Starfsmannafélag Greiðsluveitunnar
Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Þingslit

Anna Karen þakkaði starfsmönnum og þingfulltrúum fyrir gott starf á þinginu og óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju, jafnframt því að þakka fráfarandi stjórnarmönnum gott starf.
Þingi slitið kl. 16:04



Samþykktir SSF

I. Nafn og hlutverk

1. gr.

Nafn samtakanna er: SSF, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Heimili þess er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur SSF er:

- a) Að gæta hagsmuna félagsmanna í hvítvetna.
- b) Að hafa forystu í starfs- og kjaramálum félagsmanna og vinna að því að bæta og samræma kjör þeirra í samvinnu við aðildarfélögin.
- c) Að fara með fyrirsvor félagsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir fyrir þeirra hönd skv. lögum, reglugerðum og öðrum fyrirráðum.
- d) Að vinna að því að auka alhliða menntun, þekkingu og starfshæfni félagsmanna í kjara- og félagsmálum og starfstengdum efnum með blaðaútgáfu, fræðsluerindum, námskeiðum, eða á hvern þann hátt, sem heppilegur er talinn á hverjum tíma.
- e) Að hafa samstarf við önnur launþegasamtök og koma fram fyrir hönd félagsmanna á innlendum og erlendum vettvangi.
- f) Að hafa yfirumsjón með sjóðum SSF. Um sjóði þessa gilda nánari starfsreglur sem samþykktar skulu á þingi SSF.

II. Aðild

3. gr.

Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við banka, sparisjóði, önnur fjármálafyrirtæki og þjónustustofnanir þessara aðila. Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SSF skv. 4. gr.

4. gr.

Rétt til aðildar að SSF hafa:

- a) Félög starfsmanna innan fyrirtækja. Ekki getur nema eitt félag við hvert fyrirtæki orðið aðili að SSF. Félagsaðild er bundin við 12 manna félög eða stærri. Verði félagar aðildarfélags færri en 10, breytist aðild í einstaklingsaðild. Aðild félaga starfsmanna nær til allra félagsmanna sem eru í viðkomandi félagi og eru einnig félagsmenn SSF á hverjum tíma, sbr. 5. gr.
- b) Einstaklingar sem starfa við fyrirtæki, þar sem ekki eru félög og einnig þeir einstaklingar sem kjósa að vera ekki í félögum starfsmanna sbr. a) lið.
- c) Starfsmenn skrifstofu SSF.

5. gr.

Aðalfélagar að SSF eru allir þeir sem 4. gr. nær til aðrir en þeir sem ráðnir eru til sumarafleysinga eða annarra afleysingastarfa, sem ætlað er að standi skemur en 4 mánuði. Þeir sem ekki eru aðalfélagar hafa ekki kosningarétt og kjörgengi skv. samþykktum þessum eða gildandi samkomulagi um kjarasamninga SSF.

6. gr.

Félög sem eru aðilar að SSF skulu starfa samkvæmt samþykktum sem ekki brjóta í bága við grundvallaratriði í samþykktum SSF. Umsókn félags um aðild að SSF fylgi eftirtalin gögn:

- a) Eintak af samþykktum félagsins.
- b) Félagsmannatal þeirra, sem jafnframt eru félagsmenn SSF.
- c) Nöfn stjórnarmanna og varastjórnar, svo og aðrar þær upplýsingar, sem stjórn SSF óskar eftir. Stjórn SSF tekur ákvörðun um inntöku nýrra félaga, en leita skal staðfestingar næsta þings SSF. Vilji einstaklingur, sem starfar hjá fyrirtæki þar sem ekki er félag starfsmanna, ganga í SSF, skal hann senda skriflega umsókn þar um til SSF. Umsóknina skal leggja fyrir á næsta stjórnarfundum sem haldinn er eftir að umsókn berst skrifstofu SSF. Stjórn SSF skal ákvarða svo fljótt sem verða má hvort umsókn um einstaklingsaðild er samþykkt eða henni synjað.

7. gr.

Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 8 stjórnarmanna af 11. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing SSF til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða. Aðili, sem vikið hefur verið úr SSF, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

8. gr.

Aðila, sem vikið hefur verið úr SSF, má taka inn að nýju, enda sé fullnægt þeim skilyrðum, sem stjórn þess eða þing SSF telur nauðsyn að setja hverju sinni.

9. gr.

Úrsögn félags úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt á lögmatum aðalfundi félags og þess getið í fundarboði að tillaga um úrsögn úr sambandinu liggi fyrir. Gera skal stjórn SSF viðvart um tillögunu með minnst 4 vikna fyrirvara. Úrsögn tekur gildi að 4 mánuðum liðnum frá því að hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag gjaldskyld fyrir það tímabil. Félag sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna félagsins.

III. Réttindi og skyldur aðildarfélaga.

10. gr.

Félagsmenn er láta af starfi um stundarsakir vegna náms er varðar starf þeirra, glata ekki aðildarétti sínum meðan á námi stendur.

11. gr.

SSF skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir stjórnir aðildar-félaganna, fulltrúaráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

12. gr.

Aðildarfélög skulu að loknum aðalfundi sínum senda skrifstofu sambandsins:

- a) Skýrslu stjórnar.
- b) Ályktanir og samþykktir um kjaramál og önnur stéttar-málefni.

13. gr.

Stjórnarmenn SSF og framkvæmdastjóri eiga rétt til að sækja almenna félagsfundi aðildarfélaga, þegar sérstaklega er fjallað um málefni SSF skv. auglýstri dagskrá og hafa þeir málfrelsi til jafns við aðra fundarmenn. Stjórn SSF er skylt að senda fulltrúa á fundi aðildarfélaga eða félagsstjórna ef þess er óskað.

14. gr.

Ef stjórn SSF, þing eða formannafundur telja nauðsyn bera til að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram. Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá yfir þá félagsmenn sem aðild eiga að SSF.

IV. Fulltrúakjör

15. gr.

Aðildarfélögin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SSF til setu á þingum SSF. Fulltrúar á þingi SSF skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúarmánuði þingárs. Félögin kjósi varafulltrúa. Stjórn SSF ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarfélaga, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélögin fulltrúa í hlutfalli við uppgefna félagatölu SSF-félaga 1. nóvember árið fyrir þingár, að frádreginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarfélaga-tala aðildarfélaga SSF deilt með fjölda þingsæta). Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SSF tveimur vikum fyrir setningu þings.

V. Þing SSF

16. gr.

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málum og telst fullgilt sé til þess boðað í samræmi við samþykktir SSF. Stjórn, varastjórn og starfsmenn SSF eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hafa ekki nema kjörnir fulltrúar. Að auki er stjórn SSF heimilt að bjóða gestum að sitja þingið sem áheyrnarfulltrúar.

17. gr.

Reglulegt þing skal halda þriðja hvert ár. Stjórn SSF skal kalla saman aukað þing þegar henni þykir nauðsyn eða ef meirihluti félagsmanna í SSF krefjast þess skriflega.

18. gr.

Þing SSF skal boða með tveggja mánaða fyrirvara. Aukað þing má boða með skemmst 5 daga fyrirvara.

19. gr.

Skýrslu stjórnar SSF, endurskoðaða reikninga, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem stjórnin eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing svo og dagskrá, skal senda þingfulltrúunum eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar þannig fyrir á þinginu, að unnt sé að fjalla um þær í þeirri þingnefnd, sem málið tilheyrir.

20. gr.

- a) Stjórn SSF skal mánuði fyrir þingbyrjun skipa þrjú félagsmenn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álit á fyrsta þingfundi.
- b) Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síður en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar, kynna frambjóðendur og kalla eftir upplýsingum um þá sem tilnefndir eru sem fastafulltrúar í stjórn félagsins. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.

21. gr.

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
 - a) Forseta og varaforseta.
 - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.
5. Kosning fastanefnda þingsins.
 - a) Kjörnefnd (5), skipuð af stjórn SSF þremur mánuðum fyrir þingsetningu sbr. 20. gr.

- b) Laganefnd (5), ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir
 - c) Fjárhagsnefnd – ótiltekið
 - d) Allsherjarnefnd – ótiltekið
 - e) Kjaranefnd – ótiltekið
 - f) Fræðslunefnd – ótiltekið
6. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar.(sjá gr. 24)
 7. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
 8. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
 9. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
 10. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SSF næstu þrjú árin.
 11. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.
 12. Önnur mál.

22. gr.

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt almennum þingsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðrvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

VI. Fjármál

23. gr.

Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SSF. Jafnframt skulu reikningar SSF endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningar SSF skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á Mínum síðum SSF að lokinni endurskoðun og undirritun stjórnar SSF.

24. gr.

Hver félagsmaður SSF greiði mánaðarlega félagsgjald til SSF. Þing SSF ákveður upphæð þessa gjalds að fengnum tillögum fjárhagsnefndar.

25. gr.

Kostnaður við þinghald og formannafundi greiðist af SSF, þar með talin fargjöld fulltrúa búsettra utan Reykjavíkur og nágrennis.

VII. Stjórn SSF

26. gr.

Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF. Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embætta. Stjórnina skipa 9 aðalmenn. Kjósa skal formann og varaformann hvorn fyrir sig, en síðan 7 meðstjórnendur úr hópi þeirra félagsmanna sem boðið hafa sig fram til stjórnasetu samanber 20. grein samþykpta SSF. Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga. Stjórnin kys fêhirði og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 1. varaformann úr sínum hópi.

27. gr.

Stjórn SSF stjórnar málefnum þess milli þinga. Stjórnin annast rekstur SSF og hagar störfum sínum í samræmi við samþykktir þess.

28. gr.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum og skal þá að jafnaði einn stjórnarmanna vera í hverri nefnd. Einnig er stjórninni heimilt að skipa einstaka félagsmenn til að annast afmörkuð verkefni fyrir hennar hönd.

29. gr.

Formaður kallar saman stjórnarfundi. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum og undirritar þær með formanni. Fêhirðir sér um fjárreiður SSF og varðveislu sjóða. Hann hefur umsjón með gerð ársreikninga og skilum á þeim til endurskoðunar.

30. gr.

Stjórnarfundi skal kalla saman svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði vetrarmánuðina. Ennfremur ef tveir stjórnarmenn æskja þess og þá innan viku frá því að sú ósk berst formanni. Dagskrár sé getið með fundarboðum.

31. gr.

SSF er aðili að norrænum Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja NFU og einnig alþjóðlegum samtökum starfsmanna við þjónustustörf UNI, og tekur þátt í störfum þeirra.

VIII. Ákvæði vegna laga um kjarasamninga

32. gr.

Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok gildistíma kjara-samnings skal stjórn SSF skipa a.m.k. sjö menn í samninganefnd SSF; Formaður og varaformenn SSF skulu vera sjálfkjörnir í samninganefnd. Þegar fjallað er um þýðingarmiklar ákvarðanir skal hafa náíð samstarf við ein-stök aðildar-félög og boðar stjórn SSF formenn félaganna til funda í því skyni.

33. gr.

Stjórn SSF og samninganefnd er heimilt að skipa undir-nefndir til þess að starfa að einstökum verkefnum við undirbúning samninga og samningagerð.

34. gr.

Sameiginlegur fundur aðal- og varastjórnar SSF og samninganefndar ásamt formönnum aðildarféлага, tekur ákvörðun um uppsögn eða endurskoðun kjarasamninga. Um boðun verkfalls skal fara fram atkvæðagreiðsla samkvæmt lögum nr. 80/1938. Um framkvæmd slíkrar atkvæða-greiðslu skal fara eftir sömu reglum og gilda um atkvæða-greiðslu um kjarasamning.

35. gr.

Takist samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd SSF undirrita það með fyrirvara um endanlegt samþykki að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu er bindandi fyrir stjórn SSF. Allir aðalfélagar SSF, sem eiga í kjaradeilu, hafa atkvæðisrétt. Allsherjaratkvæðagreiðslu skal lokið innan þriggja vikna frá undirritun kjarasamnings. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg. Við breytingu á kjarasamningi á samningstímanum er ekki skylt að hafa allsherjaratkvæðagreiðslu.

36. gr.

Þriggja manna yfirkjörstjórn, er stjórn SSF skipar, skal hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna SSF. Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá, sem gerð er eftir félagaskrá SSF. Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörskrárdeilur. Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið, skulu atkvæði og kjörgögn send til yfirkjörstjórnar og fer talning fram undir stjórn hennar. Yfirkjörstjórn úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Úrskurður yfirkjörstjórnar er endanlegur.

IX. Formannafundir

37. gr.

Pegar stjórn SSF telur þess þörf og eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SSF, ásamt samninganefnd, sæti á þessum fundum.

38. gr.

Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF.

39. gr.

Formaður SSF boðar til formannafunda. Einnig ef þrír formenn aðildarféлага æskja þess og skal þá boða til fundar innan viku frá því að sú ósk berst formanni SSF. Stjórn SSF er heimilt að setja nánari reglur um störf á formannafundum.

X. Heiðursmerki

40. gr.

Heiðursmerki SSF er merki SSF úr gulli. Heiðursmerki má veita þeim aðilum, íslenskum eða erlendum sem unnið hafa gott starf í þágu félagsmanna SSF. Stjórn SSF ákveður veitingu heiðursmerkja og skal ákvörðunin um það vera einróma samþykkt af stjórninni. Skrifstofa SSF skal færa sérstaka "gullbók" þar sem skráð eru nöfn og helstu æviatriði þeirra, er gullmerkið hljóta.

XI. Breytingar á samþykktum

41. gr.

Samþykktum SSF er aðeins hægt að breyta á þingi SSF og öðlast tillögur til breytinga því aðeins gildi að þær séu samþykktar með minnst 2/3 greiddra atkvæða. Tillögum til breytinga á samþykktum skal skilað til stjórnar SSF í síðasta lagi tveim vikum áður en þing er sett og skulu þær liggja frammi á skrifstofu SSF.

42. gr.

SSF verður því aðeins slitið, að þing SSF og aukaþing, sem haldið sé innan tveggja mánaða frá lokum þings SSF samþykki slitin með 2/3 greiddra atkvæða. Til aukaþingsins fari fram nýtt fulltrúakjör í aðildarfélagunum. Um eignir SSF við slit þess fer eftir því sem meirihluti tveggja þinga SSF ákveður.

43. gr.

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir SÍB.

Samþykkt á aukaþingi SÍB 19. apríl 1978.

Samþykktum breytt á 35. þingi SÍB 1985,

á 36. þingi 10. apríl 1987,

á 37. þingi 12. apríl 1991,

á 38. þingi 26. apríl 1993,

á 39. þingi 24. mars 1995,

á 40. þingi 21. mars 1998,

á 43. þingi 18. apríl 2007.

Samþykktum breytt á 44. þingi SSF 19. mars 2010,

á 45. þingi SSF 15. mars 2013,

Á 46. þingi SSF 11. mars 2016.

Samþykktir fyrir vinnudeilusjóð SSF

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður SSF og er eign þess. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur sem boðaðar hafa verið skv.36. gr. samþykktá SSF.
- b) að styrkja norræna bankamenn í vinnudeilu samkvæmt samningi SSF við norrænsystursamtök þar um.
- c) að styðja önnur íslensk stéttarfélag í vinnudeilu.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og skulu 2 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF: Formaður og ritari, sem jafnframt gegnir stöðu varaformanns. Einnig skal kjósavaramann fyrir hvorm þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins. Gjaldkeri SSF kallar stjórnina saman eigi síðar en mánuði eftir sambandsþing.23 43. þing SÍB 2007

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga og geri þingi SSF grein fyrir störfum sínum, sbr. þó 29. gr. samþykktá SSF, en skv. henni ferstjórn sambandsins með æðsta vald í málefnum þess milli þinga. Sjóðurinn skal verasjálfstæður og ávaxtaður sérstaklega og hafa sjálfstætt bókhald.Skoðunarmenn SSF yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir framsamhliða reikningum SSF.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru núverandi eigur Kjaradeilusjóðs SSF. Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjáris séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem í banka eðasparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innistæðureikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók. Sambandsþing ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni.

Tekjur sjóðsins miðist viðhlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF.

6. gr.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt grein 2 a á hver félagsmaður SSF sem greiðirfélagsgjald og verður fyrir tekjumissi vegna vinnudeilu er SSF er aðili að. Stjórn sjóðsins skal setja nákvæmar reglur um úthlutun til félagsmanna og skulu þærskráðar í fundargerðarbók. Úthlutunarreglur skal ætíð endurskoða inna viku frá því aðverkfali er boðað.Halda skal sérstaka gerðabók yfir úthlutunarbeiðnir og -veitingar úr sjóðnum.

7. gr.

Verði vinnudeilusjóður SSF lagður niður ráðstafar þing SSF eignum hans.

8. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömureglur og um breytingar á samþykktum SSF.

Samþykkt á 36. þingi SÍB 1989.

Endurskoðað á 43. þingi SÍB í apríl 2007

og á 44. þingi SSF 18-19 mars 2010.

Samþykktir Styrktarsjóðs SSF

1. gr.

Nafn sjóðsins

1.1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður SSF

1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli bókonar með kjarasamningi bankamanna sem undirritaður var 3. apríl 1997.

1.3. Sjóðurinn er eign Samtaka starfsmanna fjármálfyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

2.1. Verkefni Styrktarsjóðs SSF eru eftirfarandi:

2.1.1. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa, enda hafi launatekjur þeirra fallið niður.

2.1.2. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti vegna langvarandi veikinda maka og barna, enda hafi sjóðfélagi misst launatekjur vegna þeirra.

2.1.3. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna áfengismeðferðar, enda hafi launatekjur fallið niður.

2.1.4. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna sjúkrahjálfunar, sjúkransudds og meðferðar hjá kírópraktorum (hnykkjum) sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða eða nýtur opinbers stuðnings með öðrum hætti.

2.1.5. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna krabbameinsskoðunar og hjartaskoðunar.

2.1.6. Að greiða félagsmönnum SSF, sem þurfa á sérstökum hjálpartækjum að halda vegna sjúkdóms eða fötlunar til að geta sinnt starfi sínu, styrk til kaupna á slíkum tækjum.

2.1.7. Að greiða mökum eða börnum félagsmanna SSF útfararstyrki vegna fráfalls félagsmanns.

2.1.8. Að greiða læknisvottorð sem nauðsynleg eru vegna umsókna úr Styrktarsjóði SSF.

- 2.2. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á sex mánuðum.
- 2.3. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um greiðslur úr sjóðnum. Í þeim skal m.a. kveðið á um hversu lengi greiðslur vari, hvort greiðslur hefjist að tilteknum tíma liðnum frá því að launa-greiðslur féllu niður, hversu háar greiðslur séu í hverju einstöku tilviki og hvernig umsóknum um greiðslur úr sjóðnum skuli háttáð. Greiðslur skv. lið 2.1.8. skulu þó nema að fullu þeim kostnaði sem þær um ræðir.
- 2.4. Reglur um greiðslur úr sjóðnum skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins. Hafi fjárhagsstaða sjóðsins rýrnað verulega að mati stjórnar hans skulu réttindi til greiðslu úr sjóðnum skert, en aukin hafi fjárhagsstaðan batnað verulega.
- 2.5. Sjóðnum er heimilt að kaupa váttryggingu er komi að einhverju eða öllu leyti í stað greislu-skyldu sjóðsins skv. 1. mgr.

3. gr.

Réttur til styrkja

- 3.1. Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga:
- 3.1.1. Fullgildir félagsmenn SSF skv. lögum samtakanna.
- 3.1.2. Atvinnulausir félagsmenn SSF skv. nánari ákvörðun stjórnar SSF.
- 3.2. Þeir, sem greitt hefur verið fyrir í Styrktarsjóð SSF í a.m.k. sex mánuði, eiga rétt á greiðslu í hlutfalli við vinnuframlag viðkomandi. Styttá má þennan tíma hafi umsækjandi áður verið fullgildur félagi í SSF.
- 3.3. Styrkveitingar geta hafist frá þeim tíma er samningsbundnum launagreiðslum lýkur. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsins.
- 3.4. Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauð-synlegum vottorðum er tryggja réttmæti greiðslna.
- 3.5. Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

4. gr.

Stjórn og rekstur

- 4.1. Fulltrúar SSF í stjórn sjóðsins skulu vera þrír og skulu tveir þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera í stjórn sjóðsins og gjaldkeri hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.
- 4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.
- 4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjár-hag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.
- 4.4. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru:
- a) Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi bankamanna á hverjum tíma.
- b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.
- 5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðurinn má eiga 25% hlut í húsnæði SSF á móti SSF. Sjóðnum er heimilt að verja allt að 15 milljónum króna til íbúðarkaupa í Reykjavík. Íbúðin verði til afnota fyrir félagsmenn sem leita þurfa lækninga á höfuð-borgarsvæðinu. Sjóðnum er óheimilt að kaupa frekari fasteignir eða veita lán.
- 5.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunar-mönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF og jafnframt sendur samninganefnd bankanna.

7. gr.

Slit sjóðsins

- 7.1. Nú er SSF lagt niður án þess að annað sameiginlegt félag starfsmanna fjármálafyrirtækja komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr.
- 7.2. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á reglugerðinni

- 8.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á þingi SSF. Um atkvæðagreiðslu um breytingar á reglugerðinni á þingi SSF gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

9. gr.

Nánari starfsreglur

- 9.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

10.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af samninganefnd bankanna í Reykjavík 11. júní 1999. Endurskoðað á 44. þingi SSF í mars 2010. Yfirlýsing frá SSF um Styrktarsjóð SSF Á fyrsta starfsári Styrktarsjóðs SSF verður 10% af tekjum hans varið í styrki skv. grein 2.1.9 í reglugerð sjóðsins. Þetta hlutfall verður síðan endurskoðað árlega og breytt í samræmi við stöðu hans.

Samþykktir Menntunarsjóðs SSF

1. gr.

Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SSF. Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt ákvörðun þings SSF 2001. Sjóðurinn er í vörslu Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við nám/námskeið sem nýtist í starfi og/eða til félagsstarfa að mati stjórnar.

3. gr.

Réttur til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins eiga: Fullgildir félagsmenn SSF skv. samþykktum SSF. Atvinnulausir félagsmenn SSF sem hafa verið samfelld félagsmenn í 3 ár geta sótt um styrki vegna náms sem þeir stunda í allt að 2 ár eftir starfslok enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu. Umsókn um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum gögnum er tryggja réttmæti greiðslna. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á 12 mánuðum eftir námslok.

4. gr.

Stjórn og rekstur

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og eru tveir kosnir á þingi SSF og einn skipaður af stjórn SSF. Jafnframt skal þing SSF kjósa tvo varamenn. Kjörtímabilið er sama og til stjórnar SSF. Stjórnin skal rita gerðarbók og rita allar samþykktir sínar í hana. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF. Ekki er greidd þóknun fyrir stjórnarsetu í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi félagsmanna á hverjum tíma.
- b) Vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum, skráðum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF.

7. gr.

Slit sjóðsins

Nú er SSF lagt niður án þess að önnur hliðstæð samtök komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á starfsreglum

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.

Nánari starfsreglur

Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. samþykktum þessum, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt svo á 43.þingi SSF 2007.

Endurskoðað á 44. þingi SSF 19. mars 2010.

Grunnsjóður SSF

Samþykktir fyrir Grunnsjóð SSF

1. gr.

Nafn sjóðsins

1.1 Sjóðurinn heitir Grunnsjóður SSF og er eign Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir nefnd SSF). Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur

2.1 Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og tengdra sjóða.

3. gr.

Stofnfé

3.1 SSF leggur til stofnfé sjóðsins kr. 1.000.000,-

4. gr.

Stjórn og rekstur

4.1 Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og skulu 3 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Formaður SSF og gjaldkeri SSF eru sjálfkjörnir í stjórn sjóðsins. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.

4.2 Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.

4.3 Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.

4.4 Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

4.5 Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

4.6 Skoðunarmenn SSF yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir fram samhliða reikningum SSF.

4.7 Stjórn sjóðsins geri þingi SSF grein fyrir störfum sínum.

5. gr.

Tekjur sjóðsins og ávöxtun eigna

5.1 Tekjur sjóðsins miðist við hlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF. Þing SSF ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni.

5.2 Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárens séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem í banka eða sparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

5.3 Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innistæðureikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

5.4 Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók.

6. gr.

Ráðstöfun fjármuna sjóðsins

6.1 Þeir aðilar sem geta fengið framlag frá Grunnsjóði eru: SSF, Styrktarsjóður SSF, Menntunarsjóður SSF og Vinnudeilusjóður SSF. Berist beiðni um framlag frá framangreindum aðilum ber stjórn sjóðsins að taka þá beiðni fyrir innan tveggja vikna.

6.2 Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um starfsemina og framlög úr sjóðnum og leggur fyrir stjórn SSF til samþykktar.

7. gr.

Slit sjóðsins

7.1 Verði Grunnsjóður SSF lagður niður renna allar eignir hans til SSF.

8. gr.

Breytingar á samþykktum

8.1 Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.

Gildistaka

9.1 Samþykktir þessar öðlast gildi 18. júlí 2013.

Samþykkt á 45. þingi SSF.

Reykjavík, 18. júlí 2013

Stjórn Grunnsjóðs SSF, kjörin á 45. þingi SSF þann 15. mars 2013, staðfestir samþykktir þessar með undirritun sinni:

Friðbert Traustason, formaður SSF og Grunnsjóðs SSF
Anna Kristín Björnsdóttir, gjaldkeri SSF og Grunnsjóðs SSF
Dagmar Björnsdóttir, ritari
Helga Björg Bragadóttir, meðstjórnandi
Marteinn Kristjánsson, meðstjórnandi

